Markmið 1: Að samfélagslegt hlutverk safna verði í fyrirrúmi

Markmið 2: Að vinna faglega og á vandaðan hátt með safnkostinn

Markmið 3: Að sýna frumkvæði og hugrekki í að hafa mótandi áhrif á framþróun í menningarlífinu

Markmið 4: Að lögð verði rækt við mannauð og starfsumhverfi til að styðja við markmið safnastarfs

Markmið 5: Að tekið verði mið af sjálfbærri þróun í safnastarfinu

Markmið 6: Að safnastarfið taki mið af alþjóðlegum tengslum og fræðilegri umræðu

Aðgerðaáætlun á landsvísu

Tillögur Bláa skjaldarins 2018

- Að reglur um gerð viðbragðsáætlunar verði staðlaðar og í takt við menningarverðmæti stofnana.
- Að menningarstofnarnir verði ávallt nefndar í viðbragðsáætlunum almannavarna.
- Að horft verði á safnkost safna sem heildarmenningararf sem er varðveittur á mörgum stöðum. Á öllum stöðunum eru gersemar sem þjóðin má ekki missa.
- Að forgangslisti björgunarsafnkostsverði ávallt til í neyðaráætlun menningarstofnana. Í honum séu lýsingar á gripunum, skráningarnúmer og myndir af þeim. Söfnin gætu t.d. notað menningarsögulega gagnasafnið Sarp sem verkfæri til að búa til forgangslista.
- Að settur verði á laggirnar vinnuhópur með eftirfarandi aðilum (ekki tæmandi): menntög menningarmálaráðuneytið, höfuðsöfn, Þjóðskjalasafn, Landsbókasafn, Háskólabókasafn, Árnastofnun, Minjastofnun, safnaráð, Blái skjöldurinn (í forsvari fyrir ICOM, ICOMOS, ICA, IFLA) FÍSOS og NKF á Íslandi. Markmið vinnuhópsins er að rýna í eftirfarandi hugmyndir:
 - Að fræðsluefni um gerð viðbragðsáætlana fyrir menningarstofnanir verði aðgengilegra.
 - Að þjálfun í björgun gripa verði í boði fyrir starfsmenn menningarstofnana reglulega.
 - Að sett verði á laggirnar þjálfað björgunarteymi, skipað af sérfræðingum á þessu sviði, sem gætu á vettvang og tekið þátt í (eða stýrt eftir þörfum) björgun gripa hvar sem er á landinu.
 - Að viðbragðsáætlun að fyrirmynd almannavarna sé til staðar til að virkja björgunarteymið.
 - Að hægt verði að fjármagna neyðargáma sem innihalda búnað sem nauðsynlegt er að hafa til bregðast við eftir hamfarir. Gámunirinn gæti verið staðsettur í Reykjavík og í vörslu eins höfuðs Hægt væri að hafa annan gám geymdan á Akureyri.



Staðan tekin 2018 — óbreytt 2021

- Viðbragðsáætlanir menningarstofnana **þylgja ekki sérstökum stöðum**
- Neyðaráætlun er eitt af mörgum skilyrðum sem söfnin þurfa að uppfylla til að fá viðurkenningu frá safnaráði.
- Í lögum um almenningabókasöfn er ekki minnst á neyðaráætlun fyrir safnkost.
- Drög að reglugerðum fyrir héraðsskjalasöfn þar sem kröfur um neyðaráætlun fyrir safnkostinn eru í vinnslu. (Á lokastigi 10.2021)
- Upplýsingar um gerð neyðaráætlunar í kafla um viðbrögð gegn vá (2012) í *Handbók um varðveislu safnkosts* sem var unnin af Þjóðminjasafni Íslands í samstarfi við Landsbókasafn Íslands o
- g Þjóðskjalasafn Íslands.
- Hlutverk höfuðsafna er samkvæmt lögum að veita öðrum menningarminjasöfnum **röðgjöf**.



Upplýsingar um gerð viðbragðsáætlana

- Leita til Almannaþingar/slökkviliðs
- Leita til annarra menningarstofnana
- Leiðbeiningarit
- Verkfræðistofur, Mannvirkjastofnun...
- Erlendar vefsíður



Fyrirbyggjandi aðgerðir!

TEYMISVINNA!

Viðhald

Umhirða

Verklag

Upplýsingaflæði

Fræðsla

Endurskoðun

MINNKA VERULEGA LÍKURNAR Á TJÓNI



Ágústa Kristófersdóttir, framkvæmdastjóri safneignar í Þjóðminjasafni Íslands

- Hvað er vá?



Hvað er vá?

Ágústa Kristófersdóttir
Framkvæmdastjóri safneignar
Þjóðminjasafni Íslands



Hvað er vá?

Ágústa Kristófersdóttir
Framkvæmdastjóri safneignar
Þjóðminjasafni Íslands

Flytjum öll söfn í Búðardal



Það má gera sér í hugarlund að vá sé fyrst og fremst utanaðkomandi ógn, eitthvað sem við ráðum ekki við, eitthvað sem riðst inn í hversdagsleikann og setur allt úr skorðum.



Vissulega er hættu á slíkum atburðum og það er vart hægt að ímynda sér allt það sem getur gerst. Ítarleg umfjöllun um atburðina á Seyðisfirði er í safnablaðinu Kvisti og sömuleiðis á áhugaverðri heimasíðu sem nemar úr HÍ útbjuggu og má finna á <https://tekmus.hi.is/>



En undir hvað eigum við að undirbúa okkur og hvernig? Getum við skapað búbbu sem ver okkur fyrir aðsteðjandi vá – og hversu langt eigum við að ganga? Er hægt að vera – eins og skátarnir – ávallt viðbúinn og við öllu?

- Aðgerðaleysi er í sjálfu sér stærsta áhættan af öllum. Er þá átt við aðgerðaleysi í víðum skilningi. Getur það m.a. falist í að ekki sé brugðist við þekktri áhættu með því að grípa til aðgerða sem leiða af sér áhættuminnkun, en einnig í skorti á vilja til að fylgjast með og læra af reynslu annarra eða í þeirri trú að þessu verki sé lokið.

- Úr Áhættumati fyrir höfuðborgarsvæðið

Því þegar stórfelldar hörmungar ríða yfir þá eru menningarverðmæti sjaldan í fyrsta sæti – þar eru mannlíf aðrir innviðir fremst í röðinni og síðar – þegar tími gefst er hægt að snúa sér

að menningarminjunum. Það er því okkar hlutverk sem varðmanna menningararfsins að búa vel að honum og reyna að lágmarka þannig það tjón sem getur orðið.

- Vatnsflóð, jarðskjálftar, eldgos, gasmengun, aurflóð, snjóflóð, skemmdarverk, innbrot, bruni, mygla, fok, flugslys, geislavirkni, olíumengun, sprengingar, farsóttir, fjöldasýkingar, samfélags órói ...



Það er auðvelt að koma sér upp góðum kvíða með því að skoða þennan lista daglega. En hvað getum við raunverulega gert miðað við þær kringumstæður sem við búum við í dag? Ég held að það sé engin ástæða til að örvænta eða ofanda – við munum aldrei búa við 100% öryggi og hörmungar af því tagi sem hér hafa verið taldar upp eru sem betur fer ekki daglegt brauð, þó sumum kunni að finnast annað miðað við atburði undanfarinna mánaða. Lagaraminnn utan um safnastarf hér býður upp á ákveðnar leiðir og rétt að minna á þær.

Safnalög nr. 141/2011

- 3. gr. Hlutverk safna.
- Söfn í skilningi laga þessara eru varanlegar stofnanir sem starfa í þágu almennings og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Þau skulu vera opin almenningi.
- Með söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknum, sýningum og annarri miðlun er það hlutverk safna að tryggja menningar- og náttúruarf Islands varpa ljósi á menningar, náttúru- og listasögu landsins, styrkja safnkost og heimildasöfnun innan síns sérsviðs og gera safnkost sinn og heimildasöfn aðgengileg almenningi og fræðimönnum. Í starfi sínu skulu söfn hafa að leiðarljósi að auka lífsgæði manna með því að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru eða vísinda.
- Söfn skulu stunda markvissa söfnun muna og heimilda til að safnkostur þeirra gefi sem heildstæðasta mynd af sérsviði þeirra.

Síðar í þessum lögum er síðan fjallað um viðurkenningu safna og þar er margt sem er hjálplegt við að skoða hvaða hættur geta steðjað að í safnastarfi og hvernig er hægt að undirbúa sig sem best.




Ég ætla að leyfa mér að heimsækja heimasíðu safnaráðs og skoða þá þætti sem settir eru fram sem skilyrði fyrir viðurkenningu og leggja út frá þeim í vagnaveltum um hvernig sé hægt að vera sem best í stakk búinn til að takast á við ófyrirséða atburði.

- **Safn skal vera í eigu opinberra aðila, sjálfseignarstofnunar, félags eða fyrirtækis sem tryggir safninu fjárhagsgrundvöll fyrir eðlilega starfsemi þess og skipar því stjórn. Safn skal ekki rekið í hagnaðarskyni.**
 - Safnaráð skilgreinir eðlilegan fjárhagsgrundvöll með eftirfarandi hætti: að safnið hafi bolmagn til standa undir faglegri starfsemi í samræmi við skilyrði safnaráðs.
- **Safn skal hafa sjálfstæðan fjárhag, aðskilinn frá öðrum rekstri eiganda**
- **Safn skal starfa eftir stofnskrá eða samþykkt sem safnaráð hefur staðfest, sbr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011.** Í stofnskrá eða samþykkt skal tilgreina viðfangsefni og starfssvæði safnsins og með hvaða hætti verður komið til móts við ákvæði safnalaga um lok starfsemi og að stofuneigna og safnkosts. Stofnskrá eða samþykkt viðurkennds safns skal birt í *Beild Stjórnartíðinda* (sjá leiðbeiningar um stofnskrá [hér](#)).


- Safn skal starfa í samræmi við skilmála safnaráðs um:
 - Húsnæði
 - safnið skal hafa starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti og skila afriti af því til safnaráðs sé þess óskað.
 - eldvarnareftirlit skal gera reglulegar úttektir á húsnæði safnsins, afriti af umsögn eldvarnareftirlits skal skilað til safnaráðs sé þess óskað.
 - Skilyrði í sýninga- og geymsluhúsnæði skulu vera með þeim hætti að langtímavarðveisla gripa sé tryggð (sjá leiðbeiningar í Handbók um varðveislu safnkosts, [fyrra bindi](#) og [seinna bindi](#)).
 - Öryggismál
 - Safnið skal hafa öryggiskerfi í lagi, viðvörðunarkerfi vegna bruna, innbrota og raka. Staðfestingu á virkni öryggiskerfa skal skilað til safnaráðs sé þess óskað.
 - Safnið skal hafa eftirlit með ljósmagni, hitastigi og rakastigi í húsakynnum sínum, mælingar skulu skráðar reglulega og upplýsingum skilað til safnaráðs sé þess óskað.
 - Safn skal hafa neyðaráætlun, fyrir starfsfólk, gesti og safnkost (sjá leiðbeiningar í Handbók um varðveislu safnkosts, [fyrra bindi](#) og [seinna bindi](#)) og skila afriti af þeim til safnaráðs sé þess óskað.
 - Skráningarkerfi safnmuna
 - Kerfi sem notuð eru til skráningar gagna hjá viðurkenndum söfnum skulu að lágmarki uppfylla skilmála safnaráðs um skráningarkerfi eins og þeir koma fram á heimasíðu safnaráðs. Uppfylli skráningarkerfi ekki skilmála safnaráðs skal safn senda safnaráði tímasetta áætlun um úrbætur sem ráðið tekur afstöðu til.
 - sjá sérstakan gátlista útgefinn af safnaráði
 - Faglega starfsemi (skv. 3 og 14. gr. safnalaga)
 - Söfnun – Safn skal starfa eftir söfnunarstefnu sem birt er opinberlega
 - Skráning – Safn skal fara eftir leiðbeiningum höfuðsafns um skráningu (sjá leiðbeiningar fyrir skráningu [listasafna](#) og [menningarminjasafna](#))
 - Varðveisla – Safn skal fara eftir leiðbeiningum höfuðsafns um varðveislu og fyrirbyggjandi forvörslu (sjá leiðbeiningar í Handbók um varðveislu safnkosts, [fyrra bindi](#) og [seinna bindi](#), auk leiðbeininga um [Faglega forvörslu safngripa](#) og [Handbók um meðhöndlun textila](#))
 - Safn skal skila höfuðsafni stefnumörkun um starfsemi sína á fjögurra ára fresti.
 - Safn skal vera opið almenningi á auglýstum opnunartíma..
 - Upplýsingar um skráða gripa í varðveislu safns skulu vera aðgengilegar almenningi.
 - Safn skal stunda rannsóknir, miðlun og taka þátt í samstarfi, svæðisbundið, á landsvísi og alþjóðlega (fara skal eftir viðmiðum höfuðsafna eins og þau eru sett fram í safnastefnum þeirra).

- Safn skal veita skólanemendum sem heimsækja safnið í skipulögðum námsferðum aðgang án gjaldtöku.
- Aðgengi að húsnæði safns skal vera í samræmi við lög og reglugerðir og eins mikið tillit tekið til þarfa fólks með fötlun og kostur er.
- Safn skal starfa í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) og ákvæði laga.
- Forstöðumaður safns skal hafa menntun á ábyrgðarsviði safnsins eða hafa aflað sér hliðstæðrar hæfni á annan hátt.




Það sannast hið fornkveðna – að til þess að éta fíl þá þarf bara að taka einn bita í einu – og gefast ekki upp.

Harpa Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands - Stefna listasafna, horft til framtíðar.





Listasafn Íslands
National Gallery
of Iceland




stefnalistasafna.is



Listasafn Íslands
National Gallery
of Iceland

Styrkleikar – Veikleikar – Ógnanir – Tækifæri

Svót





- Inngangur
- Dagskrá
- Umræður
- Greining**
- Myndir



24

- Inngangur
- Dagskrá
- Umræður
- Greining**
- Myndir



26




Listasafn Íslands
National Gallery
of Iceland



Listasafn Íslands
National Gallery
of Iceland

Stefna safnaráðs





Listasafn Íslands
National Gallery
of Iceland




Málaflokkur 18

Stefnumarkmið ríkisins á síðasta kjörtímabili:

- 1) Bæta aðgengi að og miðlun á menningu og listum
- 2) Efla vernd á menningararfi þjóðarinnar í samræmi við alþjóðlegar kröfur
- 3) Efla rannsóknir og skráningu



Listasafn Íslands
National Gallery
of Iceland





Markmið 6: Rannsóknir

Efla þarf rannsóknir á myndlist og gæta þess að söfn séu virk í að vikka út hugmyndir um í hverju rannsóknarstarfi felst.

Mikil gróska er í þverfaglegum rannsóknum sem eiga erindi við listfræðilegar rannsóknir og rannsóknir á safnastarfi. Auka þarf aðgengi að rannsóknarniðurstöðum.

Leiðir að markmiði

1. Efla rannsóknir á myndlist

Listasöfn stunda vandadár rannsóknir á íslenskrí myndlist í alþjóðlegu samhengi. Listasöfn hafa mismikla burði til að sinna rannsóknum í hefðbundnum akademískum skilningi, en þátttaka minni listasafna felst ekki sist í að veita aðgang að safnkosti og grunnupplýsingum sem hvort tveggja leggur grunn að frekari rannsóknum. Mikilvægt er að styðja við og styrkja tengingar listasafna og háskóla- og fræðasamfélags og stuðla að þeim gagnkvæma ávinningi sem felst í samstarfi.

2. Efla listasöfn sem rannsóknaveitvang

Hugmyndir um rannsóknir á myndlist hafa tekið miklum breytingum og eru í sífelldri þróun. Draga þarf fram að listasöfn sinna ýmsum rannsóknum í sinni daglegu starfsemi, til að mynda í tengslum við sýningarverkefni og miðlun safnkosti með ýmsum hætti. Þetta er grundvöllur aukinnar þekkingar innan listasafna.

3. Setja skýr rannsóknarmarkmið

Mikilvægt er að listasöfn setji sér skýr rannsóknarmarkmið jafnt í akademískum sem öðrum rannsóknum og vinni markvisst að þeim og eigi samstarf um miðlun niðurstaða á sameiginlegum vettvangi.



Spørsmål 25: Hvilke tiltak kan styrke museets forskningsinnsats i neste 10-årsperiode?

Antall svar: 55/55.

Museenes svar

Definisjonen av hva forskning i museer er spriker. Flere museer foreslår at forskning i museer er noe annet og mer praksisnært enn tradisjonell akademisk forskning, som dette sitatet vitner om: «Den nære koplingen mellom de tre primære F'er skiller museene fra andre forskningsinstitusjoner, og det er viktig å legge til rette for denne vekselvirkningen». Et annet museum mener derimot at det å tenke på forskning i museer som noe særegent kan føre til at andre forskningsaktører ser på museumsforskningen som en annenrangs form for forskning. Andre igjen virker mer usikre og prøvende.

Kulturrådets
museums-
undersøkelse
2018




Listasafn Íslands
National Gallery
of Iceland




Listasafn Íslands
National Gallery
of Iceland

Vaktaskýrsla - Ásgrímssafn	
Dagsetning og upphafsstafir starfsm. sem skráir	28.9.2021
Athugasemdir / ábendingar	
Starfsmenn á vakt	Matthías
Öryggismál	
Tækni / húsnæðismál	Setti nýja teikniblýanta og skissubók upp á vinnustofu. Það eru líka komnar 1x skissubók og 1x gestabók sem ég setti undir sjóðsbókina í skúffunni næst vaskinum. Kom líka með 2x flokkunartunnur sem ég setti fyrir aftan hjá fatahenginu.
Pantanir	
Sýning / forvarsla	
Þrif - spritt	
Athugasemdir gesta	Það komu hjón sem sögðust ánægð með að íbúðin hans Ásgríms væri varðveitt svona, en konan sagði að henni fyndist smá 'spooky' andrúmsloft. Hugsanlega útaf tröllumyndunum á efri hæðinni.
Viðburðir dagsins	
Árskort - Selmuklúbburinn	
Annað:	
Gestir samtals:	6





Lietasafn Íslands
National Gallery
of Iceland



Þórgnýr Dýrfjörð, forstöðumaður Akureyrarstofu
- Áskoranir í menningarmálum á Akureyri, safnastefna



Safnastefna Akureyrar
...áskoranir og tækifæri

Þórgnýr Dýrfjörð
forstöðumaður Akureyrarstofu

Áhugi, ástríða og nauðsyn

Söfn, sýningar, safnvísar og menningarminjar á Akureyri

12 að öllu eða verulegu leyti rekin fyrir tilstuðlan Akureyrarbæjar

Um 20 í heildina

Stór spurning: Eiga bókasafn og héraðsskjalasafn að vera með?

Gera fáa hluti vel eða marga hluti í meðallagivel?



- [Amtsbókasafnið \(bókasafn Hrísey\)](#)
- [Bókasafnið í Grímsey](#)
- [Daviðshús](#)
- [Flugsafnið](#)
- [Gásakaupstaður](#)
- [Gudmands Minde \(Gamli spítali\)](#)
- [Holt – hús Öldu Halldórsdóttur Hrísey](#)
- [Húni II](#)
- [Hús Hákarla Jörundar, Hrísey](#)
- [Héraðsskjalasafnið](#)
- [Iðnaðarsafnið](#)
- [Minjasafnið á Akureyri, Nonnahús \(Gamli bærinn Laufás\)](#)
- [Mótórhjólafnið](#)
- [Laxdalshús](#)
- [Leikfangasýning Friðbjarnarhúsi](#)
- [Listasafnið á Akureyri](#)
- [Nonnahús](#)
- [Sigurhæðir](#)

Meginmarkmið

- **Öruggur rekstur samvinna og sameingin:** Stuðla að aukinni fagmennsku í starfsemi safnanna og öryggi í rekstri þeirra með aðgerðum er snúa að sameiningu á starfseiningum og aukinni samvinnu þeirra á milli
- **Söfn, sýningar, sögulegar byggingar og menningarminjar sem fjármögnuð eru að verulegu eða öllu leyti af Akureyrarbæ:** Skýra aðkomu Akureyrarbæjar að þeim söfnum, sýningum, sögulegum byggingum og öðrum menningarminjum sem eru nú þegar á ábyrgð bæjarins að verulegu eða öllu leyti
- **Önnur söfn, safnvísar og sýningar:** Skýra aðkomu Akureyrarbæjar að öðrum söfnum, safnvísum og sýningum í bænum
- **Móttaka nýrrasafna og sýninga:** Móta faglegan og skýran farveg vegna móttöku nýrra safna, yfirtöku gjafasafna og stuðnings frá Akureyrarbæ við söfn í eigu annarra

Gildistími 2021/2026



- Aðgerðir á gildistíma stefnunna munu því **fyrst og fremst stuðla að því að efla og styrkja þá starfsemi sem fyrir er hjá söfnum** sem eru að verulegu eða öllu leyti á ábyrgð Akureyrarbæjar, fremur en að taka þátt í stofnun nýrra safna eða yfirtöku sýninga á svæðinu.



Stöðumat

- Þröngt sniðinn stakkur víða – þó ekki einhlítt
 - Stundum skortir af há metnaðarfullum markmiðum – þó viljiséskýr
- Safnafræðslaog samskipti við skóla til fyrirmyndar
- Gott samstarfi gegnum safnaklasa
- Áhugi kannaðurog heimsóknir
 - Æði mismunandi líkæftireðlisafnanna
 - Amtsbókasafnið ínsæl st
- Vísibending umtækifærihjá erlendum ferðamönnum



Söfn fyrir alla

- Miðlun og gagnvirkni
- Börnin í bænum
 - Barnasáttmáli – styðjast við
 - Ná enn lengra í samstarfi við börn
 - Arfleifð til komandi kynslóða
- Söfnum ber sérstaklega skylda til að rækta menntunarhlutverkið í starfi sínu og laða til sín fjölbreytta safngesti úr því samfélagi, héraði eða samfélagshóp sem hvert safn þjónar. Samskipti við þetta samfélag og ræktarsemi við arfleifð þess eru samofin menntunarhlutverki hvers safns.



Leiðir- belg og biðu

- Öruggur rekstur, samvinna, sameining
 - Skoðaða sameiningusögu- og minjasafna
 - Iðnaðarsafnið verðhluti þess
 - Að ríkisvaldið komi að Skáldahúsum
 - Efla samstarf í gegnum klasa
- Fjármögnuð af Akureyrarbæ
 - Úttekt á geymslumálumsafna
 - Greining á húsnæðisþörf Minjasafnsins
 - Allir í Sarp
 - Takatillit til skyldnaviðurkenndrasafna



Leiðirfrh...

- Söfn rekin af öðrum
 - Akureyrarbær tekur þátt í kynningarstarfi
 - Styðja í viðræðum við ríkisvald
 - Hvetja til samstarfs allra safna
- Móttaka nýrra safna og sýninga
 - Listaverk – safnráð Listasafns
 - Önnur söfn eða gripir: ráðgjafahópur



Móttakafrh...



- Meta þarffyrirsjáanlegan kostnaðem hlýstaf aðkomusveitarfélagsins.
- Efeiningunni fylgistofnskrá skal ráðgjafahópurinn ganga úr skugga um að hún innihaldi ákvæði sem heimiligið eða framsal.
- Ráðgjafahópur skal kannög leggja matá mögulegar kvaðir sem einingunnikunna að fylgja viðmóttöku eða yfirtöku á henni.
- Efeiningunni fylgisöfnunarstefna, skahún vandlegametin af ráðgjafahópáður en einingunni erveitt móttaka og hún höfð til hliðsjónarvið val á móttökusafnief til þess kemur.



SAMVINNA – SAMTAL – JAFNRÉTTI



Lög unga fólksins - framtíðar fastagestir. Erindi frá nemendum í Fjölbrautarskóla Snæfellinga

SÖFN

Halldóra Margrét Pálsdóttir
Fjölbrautaskóli Snæfellinga
ENSK2TT05– H21

MÍN SKOÐUN Á SÖFNUM

- Mér finnst gaman að fara á söfn.
- Ég finn mér yfirleitt eitthvað áhugavert.
- Söfn gætu verið meira gagnvirk.



Mér finnst yfirleitt mjög skemmtilegt og áhugavert að fara á söfn.

Ég finn yfirleitt eitthvað sem mér finnst áhugavert eða skemmtilegt að sjá, og það er í rauninni sama hvernig safn það er. Ég get alveg skemmt mér jafn mikið á safni um sögu mannkyns eins og á tæknisafni.

Það helsta sem mætti bæta er að söfn gætu verið meira gagnvirk. Mér finnst skemmtilegra á söfnum þar sem ég fæ á einhvern hátt að taka þátt í sýningunni á safninu. Þannig verður mín upplifun meira áþreifanleg, eftirminnileg og spennandi.



- Söfn eru góð leið til að læra.
- Ég læri betur af upplifun.
- Ég held að fólk læri meira á gagnvirkum söfnum.

Söfn eru að mínu mati mjög góð leið til að læra um alls kyns hluti.

Ég læri miklu meira á því að sjá og upplifa hlutina í staðinn fyrir að lesa bara um þá.

Ég held að ef söfn væru gagnvirkari, þá hefði fleira fólk gaman af því að skoða þau.

Ég held líka að margir eigi auðveldara með að læra í gegnum reynslu og muni þá betur það sem þeir voru að læra um, og læri því meira á safninu af gagnvirka hlutanum.

SÖFN SEM ÉG HEF GAMAN AF

Árbæjarsafnið

- Mjög skemmtilegt
- Gaman að geta gengið í gegnum söguna

Rokk-safnið

- Áhugavert og skemmtilegt
- Tónlistarklefinn eftirminnilegastur



Ég hef ekki farið á mörg söfn í útlöndum, en ég hef farið á nokkuð mörg hér á Íslandi. Mér finnst alltaf jafn skemmtilegt að fara á Árbæjarsafnið í Reykjavík.

Mér finnst mjög gaman að geta gengið inn í safnið, fundið lykt og skoðað þau hús sem mér finnst áhugaverðust. Ég í rauninni ræð ferðinni um safnið og get skoðað þá hluta safnsins sem ég vil sjá. Mér finnst það mjög jákvætt.

Mér finnst mjög áhugavert að læra um það hvernig fólk bjó og vann á Íslandi, sérstaklega vegna þess að það er ekki svo langt síðan fólk bjó í torfbæjum og sló grasið með ljá og orfi. Ég hef einu sinni farið á Rokk-safnið í Reykjanesbæ.

Mér fannst það mjög áhugavert. Á Rokk-safninu er hægt að sjá búninga og alls kyns hluti sem hafa einkennt íslenska tónlistarsögu, mér fannst mjög gaman að sjá alla þá hluti.

Á safninu er tónlistarklefi með alls kyns hljóðfærum. Gestir safnsins mega nota klefann til að prófa að búa til sína eigin tónlist. Klefinn bætir heilmiklu við upplifun safngesta, að fá að leika sér aðeins og prófa. Þetta er það eftirminnilegasta frá safninu vegna þess að mér fannst þetta mjög skemmtilegt.


Þetta er mjög góð leið til að gera safnið gagnvirk.

Steinasafn Petru

- Gaman að geta gengið um garðinn hennar
- Persónuleg upplifun

Báta- og hlunnindasýningin

- Tengist fjölskyldu minni



Ég hef einnig skoðað Steinasafn Petru á Stöðvarfirði.

Mér fannst safnið mjög áhugavert og skemmtilegt.

Mér finnst mjög skemmtilegt að safnið sé sett upp í bakgarðinum á heimili Petru, það gerir safnið mun persónulegra og upplifunina mjög sérstaka.

Mér finnst alltaf jafn skemmtilegt að fara á Báta- og hlunnindasýninguna á Reykhólum vegna þess að safnið tengist mér persónulega.

Á safninu standa trébátar og nokkrir þeirra voru upphaflega smíðaðir af afa mínum.

Föðurbróðir minn hefur verið að vinna á safninu við að laga þá báta sem eru orðnir lélegir.

Þetta safn er mér mjög kært.



AÐ NÁ TIL UNGMENNA

- Gagnvirk söfn ná til unga fólksins.
- Meiri upplifun og ápreifanlegri.
- Skólahópar
- Samfélagsmiðlar

Ein af leiðunum til að ná til ungs fólks, að mínu mati, væri að gera söfn gagnvirkari, eins og ég hef nefnt áður. T.d. er hægt að hafa leiðsögnina á upptöku þar sem fólk fær heyrnartól og hlustar á hana. Þannig getur fólk ráðið í hvaða röð það skoðar safnið og hvaða hluta þess það skoðar.

Hlutir sem hægt er að snerta eða koma við bæta mjög mikið við upplifunina á safni, sérstaklega fyrir börn en líka fyrir unglinga.

Önnur leið til að auka áhuga hjá ungu fólki væri að fara oftari með skólahópa á söfn.

Krakkarnir gætu lært um viðfangsefnið í skólanum og nýtt sér svo lærdóminn og farið og séð það sem þau hafa verið að læra.

Ég held að það myndi gera upplifunina skemmtilegri fyrir marga að fá að fara með hóp af öðrum jafnöldrum.

Að auglýsa safnið vel á samfélagsmiðlum er önnur leið til að ná til ungs fólks.

Flestir unglingar og ungmenni nota samfélagsmiðla og eru þeir því mjög auðveld leið til að auglýsa söfn og fá marga til að taka eftir þeim.

Ef að samfélagsmiðlar safnsins líta vel út, held ég að það sé líklegra að ungt fólk skoði þá, hafi meiri trú á safninu heilt yfir og líklegt er að samfélagsmiðlarnir skapi áhuga. Vel hannaðar síður og miðlar láta safnið líta vel út.

THE ACADEMY MUSEUM OF MOTION PICTURES

- Opnaði á þessu ári.
- Sýnir kvikmyndasögu Hollywood.
- Ég hefði gaman af því að fara á safnið.
- Heimasíðan er mjög flott sem er mikilvægt.



30. september síðastliðinn opnaði nýtt safn í Los Angeles í Bandaríkjunum, the Academy Museum of Motion Pictures.

Safnið sýnir hluta af kvikmyndasögu Hollywood og inniheldur t.d. búninga og leikmuni sem hafa verið notaðir í ýmsum frægum kvikmyndum.

Mér finnst þetta safn mjög áhugavert vegna þess að ég hef mjög gaman af því að horfa á kvikmyndir og það væri mjög gaman að fara á þetta safn og sjá kannski einhvern hlut úr mynd sem ég hef horft á.

Ég frétti af þessu safni á samfélagsmiðlum og það greip strax áhuga minn.

Byggingin lítur mjög vel út, hún er mjög stór og flott. Byggingin gefur safninu þennan LA, Hollywood stíl.

Ég skoðaði líka heimasíðu safnsins. Hún er mjög flott og svolítið öðruvísi en aðrar síður sem ég hef skoðað. Þegar ég skoðaði hana, leið mér eins og tækniteymi safnsins sé virkilega gott í því sem það gerir.

Safnið gæti vel verið mjög óáhugavert, en heimasíðan og samfélagsmiðlar safnsins eru vel hannaðir sem dregur fólk að.

Til að ná til sem flestra held ég að það sé mjög mikilvægt að heildarútlitið á safninu sé gott og að það sé mjög virkt á samfélagsmiðlum. Það dregur svo marga að og er því mjög góð leið til að auglýsa safnið. .

TAKK FYRIR MIG!





Blessuð

Ég heiti Eggert Sveinn og ég er hér kominn til þess að kynna fyrir ykkur hugmyndir og viðhorf ungmenna til safna og safnamenningar.

Ég er flytjandi hér en meðhöfundar mínir, Gunnlaugur og Björn, komust því miður ekki þar sem þeir eru uppteknir í skólanum.

Okkar
skoðun á
söfnum



Okkur finnast söfn almennt mjög áhugaverð og við vitum að það er margt að læra af þeim.

Auðvitað gerum við okkur grein fyrir því að söfn eru mismunandi og mjög misáhugaverð en almennt finnst okkur samt gaman að geta farið að upplifa og skoða söfn – en þá er gott að hafa fjölbreytt söfn til þess að velja úr.




Tilhneiging ungs fólks virðist oft vera að drífa sig eins mikið og þau geta þegar farið er á söfn – og ég hef gerst sekur um hið sama (sem og flestir félagar mínir), og þá sérstaklega söfn sem ég hef verið tilneyddur til þess að fara á (t.d. af skóla).

Ein ástæða þess að ég, eða við, drífum okkur dálítið og förum þetta á hundavaði er hugsanlega sú, að þau söfn sem við erum vön að fara á hafa verið lítið gagnvirk, ekki nógu fjörug, og iðullega eru þau bara hús með hlutum sem merktir er með smáum ritgerðum sem ég einfaldlega nenni ekki að lesa.

Ég fer t.d. ekki á söfn til að lesa, ég færi á bókasafn til þess... mig langar að skoða hluti, fræðast aðeins og jafnvel fá að fíkta og snerta hluti.

Lýsingar mega alveg vera langar... svosum... en gott væri ef það væru líka samantekt á lýsingum þannig að við sem höfum minni þolinmæði myndum nenna að lesa.



Við erum allir sammála um það að heimsækja söfn sjálfur sé mun skemmtilegra heldur en að fara bara á netið. Það er eitthvað skemmtilegra við að upplifa hluti í raun heldur en stafrænt, í heimi sem er alltaf að verða stafrænni.

Heimasíður og internet-veruleiki er samt snilld. Söfn gætu vel aukið áhuga á því sem þau eru varðveita með því að gera einhverja töff heimasíðu SEM OG fólk sem á erfitt með að fara á söfn í eigin persónu, gæti grætt mikið á því að hafa einhverskonar virtual túra (sýndarferðalög) eða álíka.

Þannig að góð stafræn viðvera getur líklega bara hjálpað.



Samfélagsmiðlar

Við teljum að Samfélagsmiðla kynningar skemmi ekki fyrir söfnum en er samt kannski ekki 100% nauðsynlegar heldur.

Eins og ég sagði á fyrr þá teljum við digital (stafræna) viðveru vera mikilvæga EN það þýðir ekki að við teljum að Þjóðminjasafnið þurfi að vera með skoðanir á Twitter.

Net viðvera og það er ekkert nema gott en það þarf ekki endilega að persónugera söfnin okkar.




Skólaferðir

Okkur finnast skólaferðir á söfn bæði mikilvægar og þarfar. Eins og ég sagði á í upphafi, þá erum við ekki hrifnir af löngum textum og þessháttar EN við teljum að það ætti að vera hægt að sníða sýningar/skoðanaferðir að þeim hópum sem koma.

Þegar við vorum krakkar að fara á söfn þá var þetta svona 50/50 hvort fólk hlypi í gegn eða sýndi áhuga. Við höldum að það væri gott að venja krakka á söfn með því að fara á söfn sem eru interactív (gagnvirk) eða með hluti sem hægt er að skoða, snerta og þefa af.


Ef það eru bara myndir af hlutum eða sýningar þar sem samhengi hlutanna er bara skýrt ef maður þarf að lesa ritgerð þá er það bara ekkert mjög spennandi ef maður er unglingur eða barn,



Hugmyndir okkar eru svosum hvorki nýstárlegar né merkilegar, að okkar mati.

Við erum ekki hrifnir af löngum textum – í þeim tilfellum væri t.d. hægt að hafa QR kóða hjá textanum sem ég gæti skannað til að fá ... ég veit ekki... hljóðupptöku, myndræna útskýringu, frekari upplýsingar, eða eitthvað. Kannski ég myndi (actually) kannski lesa lengri textalýsingar ef það væri gert eitthvað sniðugt samspil af old-school (gamaldags) textalýsingu og nútímasnjall eitthvað.

Við erum hrifnir af hljóðtúrum þar sem maður getur gengið um og hlustað/fræðst eftir eigin höfði; þá get ég farið hingað, þú þangað, og allir sáttir – ÞAR teljum við þó líka að það myndi ekki skemma að hafa QR kóða, gagnvirk skjái og fleira til þess að bæta við upplýsingum. Það sama má segja um leiðsögumenn og allt þetta klassíska safnadót – með því að ýta undir frekari gagnvirkni á milli notanda og safnsins, sem og að nýta tæknina til fulls til þess að koma ítarefni og aukafræðslu til fólks væri hægt að láta söfn bæði höfða til breiðari hóps folk SEM OG gera þau almennt aðeins áhugaverðari og skemmtilegri



Þetta eru skoðanir okkar
Takk fyrir

Málstofur á farskóla 2021

Aðalheiður M. Steindórsdóttir - Einstaklingsmiðuð safnfræðsla:

Í málstofunni var fjallað um safnfræðslu þar sem horft er til einstaklingsins og gengið er út frá getu hans og þörfum. Markmiðið er að fræðslan sé sérsniðin að einstaklingsbundnum þörfum en ekki gengið út frá því að ein nálgun henti öllum. Þessi nálgun á safnafræðslu verður skoðuð út frá lögum nr. 91 um menntun skólabarna á Íslandi sem tóku gildi 1. júlí 2008: „Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.“ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>

Geta allir nemendur nýtt sér þá fræðslu sem er í boði á söfnum? Eru söfn og safnfræðsla fyrir alla? Hvað er hægt að gera fyrir börn sem ekki finna sig á söfnum, sökum áreitis eða vegna þess að þau meðtaka ekki upplýsingar sem er ekki beint til þeirra sérstaklega? Er eitthvað hægt að gera fyrir börn og nemendur sem eru fatlaðir, einhverfir eða greindir með ADHD eða aðrar skyldar raskanir? Hvernig gætu söfn komið til móts við nemendur og einstaklinga sem eru jaðarsettir í samfélaginu? Með því að hugsa um að söfn séu fyrir alla, þarf fyrst að hugsa um hvern hóp fyrir sig, sníða sérfræðslu með hugsunum fyrir hvern hóp fyrir sig og sjá hvernig safnið getur komið til móts við þarfir þeirra. Með þessi lykilatriði að leiðarljósi gæti einstaklingsmiðuð safnafræðsla reynst mörgum nemendum og safnagestum með sérþarfir vel og gert safnaheimsóknina ánægjulega og eftirminnilega.

Berglind Þorsteinsdóttir - Safnkostur í kössum:

Byggðasafn Skagfirðinga stóð í flutningum á safnkosti og sýningum safnsins á Sauðárkróki frá árinu 2017 til ársloka 2020. Árið 2017 tóku eigendur Byggðasafnsins ákvörðun um að selja húsnæði safnsins, sem hýsti sýningar og safngeymslur, og er safnkosturinn nú í tímabundnu varðveisluhúsnæði og því ljóst að safnið kemur til með að þurfa að flytja á ný. Í málstofunni fór Berglind yfir ferlið frá undirbúningi og pökkun safngripanna, til sjálfra flutningana. Farið verður yfir þann lærdóm sem starfsfólk safnsins hefur dregið af þessari vinnu, tækifærin sem í flutningunum fólust en einnig ógnir.

Lilja Árnadóttir - Vá og ábyrgð:

Í málstofunni var fjallað um viðfangsefni safnanna í breyttum heimi. Yfirskrift alþjóðlega safnadagsins 2021 Framtíð safna: Uppbygging og nýjar áherslur verður í brennipunkti. Til undirbúnings geta þátttakendur hugsað sérstaklega um eftirfarandi:

Eru krossgötur framundan í safnaheiminum?

Er hægt að bregðast við og þá hvernig?

þarf að skoða og meta stöðu safnanna?

Kalla aðstæður á að safna- og menningarminjalögum verði breytt?

Hafa ríkulegar ytri aðstæður undanfarinna ára afvegaleitt eigendur safnanna hvað varðar kostnað og rekstur?

Er forgangsröðun innan safna rétt?

Hverjar eru helstu auðlindirnar?

Eru það eingöngu peningar?

Hvernig gengur á söfnunum að uppfylla kröfur sem gerðar eru til viðurkenndra safna?

Eru söfnin of mörg?

Eru söfnin of litlar einingar hvert fyrir sig?

Eru einhverjir þættir safnstarfsins sem hægt væri að endurskoða?

Hver er söfnunarstefnan og hvernig nýtist hún?

Hvað er vel gert?

Hvað er mögulegt að gera betur?

Hver er samvinna safnanna í raun þegar kemur að söfnun og vistun?

Eru jafnvel einhverjir þættir safnstarfsins sem krefjast endurskoðunar?

Fer fram einhver grisjun á eldri safnkosti og ef svo hvernig er að henni staðið?

Allt að einu. Söfnum ber að leggja sitt af mörkum í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna svo þau þrífist sem samfélagsstofnanir á komandi tímum.

Heimsfaraldur hefur markað spor. Hamfarir minna á náttúruöflin. Söfn um allan heim standa frammi fyrir nýjum aðstæðum. Faraldurinn hefur haft sín áhrif. Nýrra leiða hefur verið leitað. Aðstæður samtímans.

Hver eru meðölin sem beita þarf?

Verðmætatamat eigenda og forráðafólk þarf að eiga samhljóm. Árbyrgðina ber öllum hlutaðeigandi að axla og fellur að þeim aðstæðum sem heimsfaraldurinn hefur skapað. Mörgu hefur orðið að breyta. Undanfarin misseri hefur reynt á rekstrarþætti þeirra, hugkvæmni og þolinmæði starfsfólks. Hér sem annars staðar hafa söfn kynnt sig og sína í útsendingum með fræðslumolum, í streymi frá viðburðum og ráðstefnuhaldi. Margt hefur heppnast prýðilega og mun fengin reynsla við slíka dagskrárgerð koma til góða, efla og auka safnamiðlun í framtíðinni.

En hvaðan sprettur miðlun safnanna? Safnkosturinn sjálfur er kjarni hvers safns, hann er sá brunnur sem myndar grundvöll til rannsókna og miðlunar. Nytsemi safnkostsins er tryggð með góðri skráningu sem sífellt verður að sinna. Skráning er hryggstykki öryggismála. Til hvers að varðveita eitthvað sem fáir ef nokkrir vita hvað er? Og hvað gerist þegar vandi eins og húsnæðisvandráði eða náttúruhamfarir steðja að?

Í „skjólinu“ sem kórónuveiran reisir hafa safnstörfin víða beinst að innviðum safnanna, safnkostinum sjálfum. Það má aldrei missa aldrei sjónar af því hver markmiðin eru og að þau taki mið af aðstæðum og efnahag. Víða er öryggi og aðbúnaði ábótavant. Öryggi snýr ekki einungis að húsnæði safnanna því skráning og upplýsingavistun um safnkostinn er mikilvægur öryggisþáttur sem verður að vera í lagi. Þá er mikilvægt sem aldrei fyrr að vita hvað varðveitt er.

Framtíð safna er mikilvæg. Þau eru fræðslu- og umræðuvettvangur og þar er hægt að sækja dægradvöl og skemmtun. Í fullu gildi er hið fornkveðna um að fortíð skuli hyggja ef framtíð á að byggja.

Ábyrgð safnmanna er rík. Yfirskrift dagsins Framtíð safna: Uppbygging og nýjar áherslur getur verið leiðarljós við frekari uppbyggingu og endurhugsun. Vanda þarf vinnubrögð og gera allt starf hnitmiðað. Rannsóknir og skráning eru undirstaða vandaðs safnastarfs.

Til þess að tryggja framtíð safna þarf að vera til staðar traust yfirsýn um allt sem safnið hefur yfir að ráða. Kjarninn er sjálf safneignin sem orðið hefur til á löngum tíma, undir mismunandi formerkjum. Setja þarf safneignina í samhengi bæði í tíma og rúmi en standa samtímis vörð um allt það sem frumkvöðlar og gengnar kynslóðir lögðu á vogarskálarnar. Tækni og aðferðir eru í stöðugri þróun og endurskoða ætti stefnumótun og áætlanir með jöfnu millibili. Mikilvægt er að tekið sé mið af starfi frumkvöðlanna og genginna forvera því þeim ber að þakka að söfnin urðu til. Söfnin eru samkvæmt lögum og siðareglum fasti sem fara þarf um af virðingu. Sjóndeildarhringurinn er víðari en svo að safnkosturinn verði einungis metinn gegnum okkar eigin gleraugu.

Sara Blöndal - Tæknin í þjónustu safna:

Byggðasafnið í Görðum á Akranesi vann að endurnýjun grunnsýningar safnsins frá árinu 2017 til 2021. Í málstofunni var farið yfir tækni sýningarinnar, lausnir og undirbúning. Hvernig og hvaða tæknilausnir voru valdar og hversvegna. Sara Blöndal sýningarhönnuður og sýningarstjóri sýningarinnar fór yfir pælingar, hindranir og það sem tókst vel.

Sigurjón B. Hafsteinsson - Starfsnám á söfnum:

Í þessari málstofu var rætt um gagnsemi starfsnáms á söfnum fyrir nemendur á háskólastigi, sem og hvaða hag söfn geta haft af móttöku nemenda í starfsnám. Fjallað var um undirbúning og framkvæmd starfsnáms og verður hugað að reynslu nemenda og safna af slíku námi.

Niðurstöður málstofa**Aðalheiður M. Steindórsdóttir - Einstaklingsmiðuð safnfræðsla:**

Samantekt á umræðu á safnaskóla FÍSOS 2021 á Stykkishólmi þann 14. október um einstaklingsmiðaða safnafræðslu

Umræða:

Spurt var af hverju vitnað var í breskar heimildir, hvort eitthvað væri að gerast í íslenskum söfnum með fræðslu fyrir einstaklinga á einhverfurófinu. Svárið var að í rauninni lítið sem ekkert sem hefur verið gert fyrir þennan hóp, þetta er falinn hópur og virðast söfn og/eða safnafólk ekki átta sig á því að það þurfi sérfræðslu fyrir þennan hóp. Það er byrjuð umræða og fræðimenn og starfsfólk safna er opið fyrir að kynna sér þessi málefni og skoða hvað er hægt að gera fyrir þennan hóp.

Hvað mundi virka fyrir þennan hóp? Færri í hóp í fræsðlu. Spurning að tveir eða fleiri safnakennarar taka að sér fræðslu fyrir hópa, vera til dæmis með stöðvar og þannig sé hægt að brjóta upp fræðsluna og leyfa nemendum að bæði snerta/leika og fá fræðslu, gera jafnvel mismunandi hluti á mismunandi stöðvum. Safnakennurum hættir til að líta yfir hóp af nemendum og átta sig ekki á því að það eru alltaf nokkrir sem munu ekki ná leiðsögninni sem er afskaplega leiðinlegt, nemendur gætu átt það til að verða of æstir, taka reiðisköst, það getur verið eitthvað á safninu sem „triggerar“ „meltdown“ og hvað er þá í stöðunni, hvernig hefði verið hægt að komast hjá þessu? Og því vona safnakennarar að safnmunir verði bara ekki fyrir hnjaski. Þeir gera sér ekki grein fyrir því hvernig þeir geta náð til þeirra og því eiga það til að einblína á restina

af hópnum og verða hinir því oft útundan og verður því heimsóknin ekki góð minning og skilur ekki neitt jákvætt eftir. Spurt hvað væri hægt að gera í þessum tilvikum og var komið með punkt sem minnst er á hér að neðan.

Rætt var um að gera félagsfærnisögu og ramma vel inn heimsóknina og passa að hafa fyrirsjáanleika í heimsókninni – hugmynd jafnvel að búa til youtube myndband. Fara vel yfir heimsóknina, gera plan þannig það sé algjör fyrirsjáanleiki og ekkert komi á óvart. Passa upp á að bæta engu óvænt inn í á síðustu stundu.

Rætt um samvinnu á milli safnkennara og kennara í skólum og sérkennara. Borgarsögusafnið er með form á netinu sem er fyllt út og eru þeir með box þar sem beðið er um að skrifa séróskir eða þarfir og það er enginn að skrifa í þennan dálk. Kennarar eru ekki að átta sig á því skrifa í þennan dálk eða að átta sig á hvað er í boði. Jafnvel er möguleiki að á því að kennarar vilji meina að þetta eigi eftir að vera skemmtilegt uppbrot. Að fara út úr skólastofunni og fara á safn. Þegar komið er á safnið eru nemendur oft spenntir og bíða eftir að eitthvað skemmtilegt gerist og svo fara þau í langa fræðslu og þeir sem eiga erfitt með einbeitingu í skólastofunni munu líka eiga erfitt í ókunnum aðstæðum með að einbeita sér. Betra er að það sé umræða sem eigi sér stað í skólastofunni hvað er að fara að gerast í safnaheimsókninni. Ef ekkert er skrifað í þennan dálk, þá á það að vekja fleiri spurningar frekar en að ekki sé neinn nemandi með sérþarfir í bekknum.

Borgarsögusafn er að koma með opnunartíma fyrir einhverfa á næstu vikum eða dögum.

Vilja kennarar ræða við safnakennara eða sérkennarar? Það vilja allir hafa meira samráð svo að heimsóknin skili eftirminnilegum og lærdómsríkum árangri á jákvæða máta.

Safnakennarar töluðu sjálfir um að vera með meira samráð sín á milli og á milli kennara og jafnvel sérkennara skóla. Að vinna saman að fræðslunni svo að það verði meiri gegnsæi í allri fræðslunni. Það þarf að heyra frá kennurum ef það er einhver sem myndi ekki koma með og hvað væri hægt að gera fyrir þann nemanda.

Safnakennarar og aðrir sem komu á málstofuna voru jákvæðir hvað varðar þetta málefni og voru allir tilbúnir að finna leið til þess að koma þessum einstaklingum inn á safnið eins og sjá má með Borgarsögusafn sem var með opnun fyrir þennan hóp, en þessi hópur þarf á því að halda að þeir geti gengið að vissum opnunartíma, eitthvað sem er óvænt eða er bara einu sinni gerir ekki mikið fyrir þennan hóp. Það getur tekið smá tíma fyrir þennan hóp að koma sér á safnið og þegar þeir hafa fundið sig vilja þeir fá tækifæri til þess að upplifa aftur og þá á sama tíma, allt gengur á fyrir sjáanleika og rútínu.

Berglind Þorsteinsdóttir - Safnkostur í kössum:

Mér var boðið að stýra málstofu á Farskóla safnamanna sem fór fram á Stykkishólmi dagana 13.-15. október 2021. Yfirskrift málstofunnar var *Safnkostur í kössum* og fólst umfjöllunarefni hennar í frásögn og umræðum um flutning á safnkosti og sýningum Byggðasafns Skagfirðinga, þær áskoranir og þau tækifæri sem þeim fylgdu. Ég þáði það góða boð, enda einstaklega áhugavert umfjöllunarefni og slíkir flutningar eru þónokkur þrautaganga, eins og það safnafólk veit sem hefur farið í gegnum slíkt ferli.

Málstofan hófst á kynningu þar sem stiklað var á forsögu flutninganna, sem hófst áður en ég tók til starfa hjá safninu. Það var þegar Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkti í júlímánuði árið 2016 að gerður yrði samningur við Kaupfélag Skagfirðinga um makaskipti á Minjahúsinu að Aðalgötu 16b og gamla mjólkursamlaginu Aðalgötu 21 á Sauðárkróki, með það í huga að nota húsnæðið undir starfsemi Byggðasafns Skagfirðinga en þáverandi húsnæði þótti orðið of lítið og óhentugt. Í Maí 2017 hófst pökkun á safnkostinum í Minjahúsinu, en þá var ég ráðin til safnsins til að hafa umsjón með pökkun safnkostsins, ásamt Ingu Katrínu Magnúsdóttur, sem nú er verkefnastjóri skráningar og munavörslu safnsins. Í mars 2018 var pökkun langt komin þegar Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkti að setur tileinkað Sturlungu og Örlygsstaðabardaga, yrði opnað í Gamla mjólkursamlaginu. Tekin var ákvörðun um að flytja safnkostinn í tímabundið húsnæði, iðnaðarhúsnæði sem verið var að reisa við Borgarflöt á Sauðárkróki. Sveitarfélagið tryggði sér fjögur bil, af tólf – 3 fyrir Byggðasafnið og 1 fyrir Leikfélag Sauðárkróks sem einnig var húsnæðislaust á þessum tímapunkti. Áætlanir eru um að flytja safnkostinn í varanlegt varðveisluhúsnæði í nýbyggðu Menningarhúsi sem reisa á Sauðárkróki, byggt við Safnahúsið þar sem Héraðsskjalasafn Skagfirðinga og Bókasafnið eru til húsa. En Héraðsskjalasafnið vantar einnig sárlega stærra varðveislurými. Viljayfirlýsing þess efnis var undirrituð við stjórnvöld í maí 2018. Í kjölfarið var stofnaður þarfagreiningahópur, sem ég var hluti af, sem skilaði sinni vinnu árið 2019.

Ég tók við starfi safnstjóra um mitt ár 2018 þegar Sigríður Sigurðardóttir lét af störfum. Á haustmánuðum 2018 fór að líða að afhendingu tímabundins varðveisluhúsnæðis við Borgarflöt. Þá kom í ljós að bifvélaverkstæði myndi flytja í næsta bil við Byggðasafnið. Það var mikið áfall, þar sem bifvélaverkstæðum fylgir stóraukin eld-, sprengi- og mengunarhætta sem ógnar safnkostinum. Ég leitaði þá til safnaráðs, og var stuðningur þess, og Þóru Bjarkar Ólafsdóttur framkvæmdastjóra, mér mikill styrkur – en þarna var ég nýtekin við safninu. Nathalie Jaqueminet í eftirlitsnefnd safnaráðs og sérfræðingur í forvörslu kom norður og tók út aðstæður og kom með tillögur á úrlausnum. Ég skynjaði það að koma hennar skipti verulega sköpum til að staðfesta hversu alvarlegt þetta væri. Það var einmitt þarna sem ég tileinkaði mér þessa orðanotkun, þegar ég talaði um varðveisluhúsnæðið, t.d. í samskiptum við fjölmiðla, kjörna fulltrúa,

Brunavarnir Skagafjarðar, o.s.frv. Fyrsta tilraun mín var að reyna koma í veg fyrir að verkstæðið fengi inn í húsin með því að reyna sannfæra aðra hlutaðeigendur í húsasamstæðunni um að verkstæðið ætti ekki erindi í þessa samstæðu. Það gekk ekki. Þar næst sendi ég bréf til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra þar sem ég mótmælti því að starfseminni yrði veitt starfsleyfi á grundvelli þess að mengunarvörnum væri ábótavant þar sem olíugildirur eru ekki til staðar í húsnæðinu að Borgarflöt 17-19, en bifvéla-verkstæðið deilir niðurfalli með varðveislurými safnsins. Þetta gekk ekki heldur og verkstæðinu var veitt starfsleyfi. Það eina í stöðunni var því að gera eins miklar ráðstafanir innan þess rýmis sem við höfðum úr að spila. Það fólst í að skipta um rými við Leikfélag Sauðárkróks, til að varðveislurýmið yrði þá fjær bifreiðaverkstæðinu, sem sagt ekki hinum megin við vegginn, og því meira svigrúm til að bregðast við ef eldur kviknar. Aukinni eldvörn var komið fyrir umhverfis varðveislurýmið. Eldvarnakerfi var sett upp í öllu húsinu sem er tengt við Securitas. Gerður var samningur við aðra aðila í húsinu þar sem þeir voru beðnir um að hafa samband við sveitarfélagið og láta vita ef stæði til að selja sitt bil, og sveitarfélagið gæti því brugðist við og jafnvel keypt viðkomandi rými. Gerð var ítarleg neyðar- og björgunaráætlun og hún send til safnaráðs til samþykktar. Safnaráð veitti frest út árið 2021 til að flytja muni safnsins í varanlegt framtíðarhúsnæði sem uppfyllir skilyrði safnaráðs til húsnæðis viðurkenndra safna. Búið er að ræða við framkvæmdastjóra safnaráðs um framlengdan frest en undirbúningur fyrir framkvæmdir við menningarhúsið, var á fjárlögum fyrir árið 2022. Búið er að samþykkja samning um húsbygginguna við ríkið og samkvæmt áætlun ættu framkvæmdir að geta hafist uppúr áramótum 2023 og eru verklok áætluð 2025-26.

Inga Katrín, verkefnastjóri skráningar og munavörslu, hafði umsjón með þessu risastóra verkefni, þ.e. flutningi safnskotsins, og einnig fastasýningum safnsins, Gömlu verkstæðunum, sem er annar kapituli út af fyrir sig. En um aldarmótin voru tvö verkstæði færð í heilu lagi inn í Minjahúsið, nákvæmlega eins og þau voru áður, í þeim tilgangi að varðveita þau þar og sýna. Byggðasafnið þurfti að afhenda Minjahúsið fyrir árslok 2020, þrátt fyrir að vera ekki komin með annað húsnæði undir sýningarnar. Ákveðið var að flytja sýningarnar tímabundið til geymslu á svokallað Tengilshús við Aðalgötu 24 þar sem húsið er í eigu sveitarfélagsins á meðan þeim er fundinn ný staðsetning. Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd sveitarfélagsins samþykkti í byrjun árs 2021 að mótaður yrði starfshópur sem hefði það hlutverk að skila inn tillögum um mótun framtíðarsýnar sýningarhalds Byggðasafnsins á Sauðárkróki, en ég sem safnstjóri Byggðasafnsins er hluti af þeim hóp. Starfshópurinn skilaði skýrslu sinni til nefndarinnar í október 2021.

Þess má geta að fjölmörg tækifæri felast í flutningi safnskots. Flutningur á varðveislurými er, svo ekki sé meira sagt, heilmikil vinna. Við ákváðum í upphafi, vorið 2017, að nýta ferlið til hins ýtrasta. Þegar þökkun hófst stóðu yfir flutningar hjá Þjóðminjasafninu úr Vesturvör í Kópavogi í Tjarnavelli, Hafnafirði og mér var boðið í

nokkra daga heimsókn til að fylgjast með þeim starfsfólki Þjóðminjasafnsins að störfum við pökkun og fá ýmis heilræði um meðhöndlun og þrif á gripunum. Það var mjög dýrmætt fyrir okkur að geta leitað til okkar höfuðsafns í undirbúningsferlinu. Við höfðum *Handbók um varðveislu safnkosts*, okkur til halds og trausts allt flutningsferlið, sannkölluð Biblía safnafólks. Pökkun safngripa þarfnast aðgátar og yfirlegu. Þar sem handleika þurfti alla gripi notuðum við tækifærið til að ljósmynda, hreinsa og kanna ástand þeirra. Gripum var svo pakkað á vörubretti. Pökkun meginþorra safngripanna tók u.þ.b. 10 mánuði. Í kjölfarið tók við alls kyns skráningarvinna (sem enn er í gangi), frágangur brettaskráa og mynda. Brettin voru um 215 talsins ári eftir að pökkun hófst.

Grænt ljós á flutninga fékkst í nóvember 2019. Flutt voru á annað hundrað bretti áður en óveðrin skullu á hvert á fætur öðru í byrjun desember 2020 og settu þau strík í reikninginn á tímabili. Yfirleitt voru um 20-28 bretti flutt á flutningsdögum. Í janúar, þegar hefja átti flutninga að nýju, kom í ljós að ekki hafði verið lokið við eldvarnir í nýja húsnæðinu eins og reglugerðir gera ráð fyrir. Flutningum var frestað á meðan. Verkefnum í upphafi árs 2020 fjölgaði einnig óvænt vegna flóða í asahláku í Áshússkjallara á safnsvæðinu í Glaumbæ. Í kjallaranum voru gripir sem hafði einnig pakkað og voru tilbúnir til flutninga, þar sem meiningin var að þeir yrðu fluttir í nýtt húsnæði þegar flutningum úr Minjahúsi væri lokið. Við þessar aðgerðir bættust við um 30 bretti. Í lok febrúar var framkvæmdum við brunavarnir í geymslunum lokið. Þá þurfti að byrja á að setja upp brettarekkana og endurraða þeim brettum sem færð höfðu verið til, áður en flutningar gátu hafist á ný. Þegar flutningi safngripa lauk um miðjan mars voru brettin sem fóru úr Minjahúsi um 250 talsins, ásamt skrifstofuhúsgögnum, sýningarskápum og verkfærum fornleifadeildar.

Flutningur á sýningunum Gömlu verkstæðin voru aðeins annars eðlis. Þegar Járnsmiðaverkstæði Jóns Nikodemussonar og trésmiðaverkstæði Ingólfs Nikodemussonar voru sett upp um aldamótin 2000 voru þau færð frá sínum upprunalega stað í bænum og sett upp nákvæmlega eins (eða því sem næst) í Minjahúsinu. Vegna þess hve mikil nákvæmnisvinna felst í slíkum vinnubrögðum var vitað að pökkunnin tæki sinn tíma. Verkstæðin voru ljósmynduð í bak og fyrir. Myndirnar voru notaðar sem eins konar brettaskrá – hver veggur myndaður og pakkað með myndunum til hliðsjónar til að auðvelda enduruppsetningu. Pökkun á gripum sýninganna var mikið mál á sinn hátt, en það voru veggir sýninganna sem ollu meiri áhyggjum og enn erfiðara var að eiga við. Veggirnir samanstanda af upprunalegum útveggjum, öðrum steiptum og hinum múrhúðuðum (forskalaður), upprunalegri innri klæðningu og loftklæðningu úr timbri og leikmynd sem búin var til á staðnum. Forskalaði veggurinn var fluttur heill, en aðrir veggir voru hlutaðir í sundur í viðráðanlegar einingar. Helgi Sigurðsson og félagar hjá Fornverki aðstoðaði okkur við þetta mjög svo vandasama verk, og að koma þessu fyrir til geymslu í Tengilshúsinu

Safnkostur Byggðasafnsins og sýningar sem voru á Sauðárkróki bíða nú í tímabundnum varðveislurýmum. Þannig að þegar við flytjum á ný, erum við með allt heila klabbið tilbúið á brettum og reynslunni ríkari. Við erum þakklát fyrir að hafa nýtt þetta tækifæri til þess að yfirfara allan safnkostinn, ljósmynda og skrá í Sarp. Við erum rosalega þakklát fyrir þann mikla stuðning sem við fundum fyrir þegar í harðbakkann sló, t.d. frá FÍSOS og Félag íslenskra fornleifafræðinga. Einnig stuðning Þjóðminjasafnsins við undirbúninginn fyrir flutningana og Safnaráðs þegar uppnám komst í áform um flutninga í tímabundið húsnæði vegna tilkomu bifreiðaverkstæðisins. Mjög dýrmætt var að geta leitað til fyrrum safnstjóra og reynslubolta, Sigríðar, við þetta stóra og oft á tíðum erfiða verkefni.

Það er von mín að fleiri geta dregið einhvern lærdóm af þessu ferli okkar. Sú ákvörðun um að flytja safn og/eða safngeymslur má ekki vera tekin af léttúð. Sú ákvörðun þarf að vera gríðarlega vel ígrunduð, skipulögð og hugsuð áratugi fram í tímann. Um er að ræða gríðarlega kostnaðarsamt ferli, sem verður enn kostnaðarsamara ef það dregst á langinn eða þarf síðan að endurtaka. Hver mistök eru dýr! Auk þess sem allir flutningar skapa ákveðna áhættu fyrir gripina. Þá verður starfsemi safnsins undirlagt þessu ferli á meðan á því stendur. Ég bind miklar vonir við svokallaða *Eigendastefnu*, sem hefur verið til umfjöllunar hjá safnaráði. Ég tel að það gæti verið mikilvægt fyrir eigendur að marka stefnu fyrir söfnin, ekki síður en safnstefnan sem unnin er af starfsfólki safnanna. Þetta er gott tækifæri til að koma sér vel inn í málaflokkinn, og gæti jafnvel minnkað áhættu á hinum ýmsu „sveiflum“, ef svo má að orði komast, á 4 ára fresti sem getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir kjarnastarfsemi safna.

Miklar og góðar umræður spunnust um efni málstofunnar og var mikið rætt um ábyrgð og eigendur safna. Þónokkrir í salnum höfðu ýmist nýlokið flutningum á safnkosti og gátu þá margir deilt reynslu sinni. Aðrir voru í þann mund að fara það stóra verkefni og höfðu safnstjórar þeirra safna fjölmargar spurningar um ferlið, umræður og samtal sem hélt áfram að málstofu lokinni.

Lilja Árnadóttir - Vá og ábyrgð:

Málstofan Vá og ábyrgð var haldin fimmtudaginn 14. október frá kl. 11:15 til 12:00.

Aðsókn varð góð með 42 skráðum þátttakendum. Ástæða þess gæti verið vegna þess að ýmis konar vandi steðjar að í safnastarfi á Íslandi. Mín hugmynd var fyrirfram sú að velja nokkra þátttakendur til þess að hafa framsögu um ákveðin efni, sem á seinni



Ljósmynd: Guðrún Jónsdóttir

hluta málstofunnar væri hægt að ræða um sameiginlega í stærri hópi.

Fjöldi þátttenda varð til þess að breyta þurfti um stefnu að þessu leyti og gripið til þess ráðs að skipta mannskapnum handahófskennt upp í 5 átta manna hópa. Með því móti stóðu vonir til þess að mögulegt væri að virkja sem flesta í samræðum og skoðanaskiptum. Til að svo

mætti takast var nauðsynlegt að velja hópstjóra sem færi fyrir hverjum hópi, stjórnaði samræðum og tæki saman punkta eftir umræður. Hópar fengu mismunandi viðfangsefni og spurningar til þess að ræða um. Vel gekk að fá hópstjóra í lið með okkur og skiluðu allir ágætri samantekt sem voru svo góðar að hver þeirra er birt hér í heild sinni aftast.

Atburðir á Seyðisfirði og áfall Tækniminjasafns Austurlands fyrir árslok 2020 hafa vafalítið verið ein ástæða þess að yfirskrift farskóla þetta árið var valin **Vá og ábyrgð**. Það lá því beint við að fá Jónínu Brynjúlfsdóttir settan forstöðumann þess safns til þess að vera málhefjandi í málstofunni. Hún sagði í örstuttu máli frá því hvernig tekist hefur verið á við þau verkefni sem Tækniminjasafnið stendur frammi fyrir. Verkið er risastórt, ýmsir áfangar hafa náðst en langt er í land. Unnið er að endurskilgreiningu á safnastarfinu á Seyðisfirði og mun sú reynsla geta nýst söfnum á Íslandi á komandi tíma.

Niðurstöður sýna að margt var rætt og hér á eftir eru nokkrir megin þættir dregnir saman.

Það sem helst má draga út úr gagnlegum umræðupunktum hópanna er:

- Söfn þurfa að gera betur í að tryggja öryggi.
- Öryggisáætlanir séu gerðar, samþykktar og endurskoðaðar reglulega.
- Öryggishandbækur.
- Æfingar í björgun og rýmingu.
- Skráning er lykilatriði þegar kemur að öryggi safnkosts og upplýsinga um hann.
- Starfsfólk og safnkostur eru helstu auðlindir.

- Fjölga þarf störfum í þágu safnanna.
- Söfn eru of fá og smá.
- Þau minnstu geta engan veginn staðið undir þeim kröfum sem gerðar eru til starfsemi þeirra.
- Söfn verða að geta fylgt tækninni.
- Sameiginleg varðveisluhús.
- Samstarf safna nauðsyn þegar t.d. kemur að sérfræðipækkingu starfsfólks.
- Er samnýting og rekstur varðveisluhúsa kostur? Kostir og gallar.
- Söfnunarstefna - söfnunaraðferðir – grisjun.
- Fjárhagsáætlanir og starfsáætlanir haldist í hendur.
- Lagaumhverfið.
- Mikilvægi sérþekkingar.
- Fjölbreytni sérþekkingar – fjölbreytt hæfni sem safnafólk þarf að búa yfir.
- Þáttur fjölmiðla í safnastarfi í víðu samhengi.
- Markaðssetning í nærumhverfi.
- Þáttur nærsamfélagsins í safnastarfi.

Umræður í hópunum endurspeglar að safnmenn almennt eru uggandi um framtíð safnastarfs. Ýmsir þættir þarfnast endurskoðunar og jafnvel endurhugsunar. Þar þurfa bæði safnmenn, safneigendur og stjórnvöld að taka höndum saman til þess að tryggja framtíða menningarverðmæta og þeirrar þekkingar sem söfnunum hefur tekist að safna saman og varðveita. Samhliða er nauðsynlegt að setja söfnunum skýr markmið og tryggja aðbúnað og virkni.

Hér á eftir fara greinargerðir frá hverjum hópnum fimm. Fremst er nafn hópstjóra sem allir unnu verk sín vel og samviskusamlegt.

Hópstjóri Nathalie Jaqueminet

Hverjar eru helstu auðlindir safnanna?

Er forgangsröðun innan safna rétt?

Þarf að samræma væntingar, vonir og raunverulega getu?

Er grundvöllur fyrir samstarfi við önnur söfn á svæðinu/sviðinu?

Úr hverju er að spila?

Skilgreina betur varðveislugildi safnkostsins, hvað er óbætanlegt? Er hægt að nota Sarp í þetta?

Hverjar eru helstu auðlindir safnanna?

- Safnmenn og safnkostur

- Þekking, reynsla
- Vantar að hafa skýra mynd um safnkostinn sem heild:
 - Listi yfir gersema á landsvísu
 - Listi um mikilvægan safnkost fyrir svæðið

Er forgangsröðun innan safna rétt?

- Setja skráningu gripa í forgang
- Skila lista með top 10/50 gersema. Eitthvað sem söfnin geta gert strax og kostar ekki mikla vinnu (þarf þó að sjálfsögðu alltaf að endurmeta og skoða reglulega).
- Ekki bíða með heldur setja í forgang að koma á samskiptum við slökkvilið og öryggisaðila um hvernig bregðast á við ef vá steðjar að safneign (æfa með þeim viðbrögð Skýrari stefnumótun um söfnun á landsvísu.
- Skrá í Sarp varðveislugildi gripa t.d. í flokk (Matsnefnd hjá Sarpi? Leiðbeiningar?)

Þarf að samræma væntingar, vonir og raunverulega getu?

Nauðsynlegt að styrkja innviðina með því að auka fjöldi þeirra sem starfa við söfnin.

Er grundvöllur fyrir samstarfi við önnur söfn á svæðinu /sviðinu?

Samstarf nauðsynlegt og óhjákvæmilegt einkum á sviði öryggismála.

Samtarf um áherslur varðandi söfnun.

Hópstjóri Steinunn María Sveinsdóttir

Stærð safna - samstarf

Þarf að skoða og endurmeta stöðu safnanna í ljósi samfélagsþróunar?

Eru söfnin of mörg?

Eru söfnin of litlar einingar hvert fyrir sig?

Kemur til greina að sameina söfn?

A – Þarf að skoða og endurmeta stöðu safnanna í ljósi samfélagsþróunar?

Svar hópsins var já, þess þyrfti. Var meðal annars nefnt að íbúðapróun og sameining sveitarfélaga hefði áhrif á söfnin í landinu, t.d. möguleg sameining safna í framhaldinu. Mikilvægt væri að söfnin væru undirbúin fyrir þann veruleika. Í því samhengi var nefnt að horfa mætti til fyrirmýnda við sameiningar safna þar sem sérstaða hvers safns hefur fengið að halda sér og var Borgarsögusafn nefnt sem dæmi. Hvert og eitt undirsafn er með sína samfélagsmiðlasíðu osfrv.

Einnig var nefnt að söfnin þurfa að fylgja þróuninni er kemur að tækninni, mikið af starfi safnanna er komið á stafræna miðla og safnastarfið getur þannig náð langt út fyrir veggi safnsins.

B - Eru söfnin of mörg? C - Eru söfnin of litlar einingar hvert fyrir sig? D - Kemur til greina að sameina söfn?

Ákveðið var að taka þessar þrjár spurningar saman þar sem að þær hanga saman.

Einfalda svarið við þessum spurningum já við þeim öllum. Í umræðunum komu fram eftirfarandi punktar:

- Söfnin eru of mörg og mörg af þeim eru of litlar einingar og oft gengur rekstur þeirra erfiðlega. Því gæti stærri eining staðið betur undir rekstrinum.
- Lítil söfn eiga erfitt með að standa undir kröfum sem gerðar eru til viðurkenndra safna.
- Í mörgum tilfellum eru söfn í eigu sveitarfélaga. Undanfarin ár hefur sveitarfélögum fækkað með sameiningum og óhjákvæmilegt að í einhverjum tilfellum verði söfn í þeirra eigu sameinuð undir eina regnhlíf. Mikilvægt er að safnmenn séu meðvitaðir um það og söfnin verði búin undir það þannig að sameiningarnar verði ekki einungis á forsendum eigendanna heldur á forsendum safnanna og komi ekki bara að ofan.
- Samstarf líkt og sameiginleg varðveislurými gæti verið upphafið að sameiginlegum rekstri. Í þessu samhengi kom fram sjónarmið um að mögulega væri aukið samstarf á þessu sviði og öðrum betra en sameining safnanna sjálfra, þ.e. að þau sameinist um ákveðin verkefni sem geti eftt söfnin bæði rekstrarlega og faglega.
- Við sameiningar safna er mikilvægt að horft verði til þess að samstarf sé gerlegt, m.a. landfræðilega. Svæði sem lítur vel út á landakorti getur reynst ómögulegt til samstarfs á jörðu niðri vegna fjarlægðar, samgangna, veðurs osfrv.
- Mikilvægt þótti að söfnin myndu halda sérstöðu sinni ef til sameiningar kæmi auk þess sem tengslin við nærsamfélagið þyrftu að halda sér; oft hafa heimamenn lagt mikið af mörkum til safnanna bæði með fjárstuðningi, vinnu eða gjöfum.
- Félagslegi þátturinn og starfsumhverfi var einnig rætt í þessu ljósi. Mörg söfn eru fáliðuð og verkefnin of mörg fyrir hvern starfsmann. Stærri eining gæti tryggt betra vinnuumhverfi, meiri fagmennsku og komið í veg fyrir að þekking glatist ekki þegar starfsmaður lætur af störfum eins og raunin er því miður á mörgum söfnum í dag.

E - Er samnýting og rekstur varðveisluhúsa kostur?

Einfalda svarið er já en mörg sjónarmið komu fram í þessari umræðu.

Kostir við sameiginlegt varðveisluhús:

- Meiri hagkvæmni í rekstri. Ekki endilega sparnaður heldur betri nýting fjár.
- Aukin fagmennska:
 - Faglært starfsfólk, m.a. aðstaða fyrir forverði til þess að vinna.
- Betra húsnæði og betri vinnuaðstaða fyrir starfsfólk.
- Söfn gætu uppfyllt kröfur um húsnæði og aðbúnað safnkosts.

Rætt var um áskoranirnar sem gætu fylgt sameiginlega varðveisluhúsi. M.a. aðgengi starfsmanna að safnkostinum.

- Hversu mikil fjarlægð má vera frá safni að varðveisluhúsi þannig að það fyrirkomulag henti starfsemi safnsins?
- Krefst meiri skipulagningar í vinnubrögðum ef safnkosturinn er í öðru húsnæði eða ekki í næsta nágrenni við safnið. Allir voru sammála um að varðveislurými og sýningarrými safna þyrftu ekki að vera í sama húsnæði þó að það gæti verið kostur í sumum tilfellum.
- Hættan á því að safngripir verði fyrir tjóni eykst þegar flytja þarf þá um langan veg."

Hópstjóri Aldís Arnardóttir

Söfnun - grisjun

Þarf að endurhugsa söfnun og söfnunaraðferðir?

Er söfnunarstefnunni fylgt?

Er of miklu safnað?

Hver er stefnan um grisjun? Fer hún fram og þá hvernig?

Hverjir væru kostir þess og gallar.

Þarf að endurhugsa söfnun og söfnunaraðferðir?

Já og skilgreina hlutverk hvers safns og skipta verkum. Viðurkennd söfn verða að geta staðið undir hlutverki sínu. Samtímasöfnun – nýta tækni – varðveita heimildir.

Er söfnunarstefnunni fylgt?

Misjafnt – sumstaðar ekki og því þarf að breyta. Skráningarmál þurfa að vera í lagi svo hægt sé að meitla söfnunina. Sarpur veitir yfirsýn.

Er of miklu safnað?

Já. Á að taka við öllu? Grisjun byrjar með því að taka ekki við öllu. Mikið til af t.d. tækniminjum og erlendum gripum, - heimildir um 20. aldar vinnustaði karla.

Hver er stefnan um grisjun? Fer hún fram og þá hvernig?

Hvað á að gera við það sem er grisjað? Verið að þróa ferlið á Seyðisfirði. Áhyggjur af því að grisja of mikið. Ekki sama fólkið allsstaðar að grisja. Togstreita getur skapast milli þeirra sem þekkja safnkostinn og finnst allt vera mikilvægt."

Hópstjóri Hanna Rósa SveinsdóttirÁætlanagerð

Hvaða atriði vega þyngst við gerð fjárhags- og verkáætlana?

Gæti endurskoðun á lögum er gilda um málaflokkinn orðið til gagns?

Hvers konar þekking nýtist best í safnstörfunum?

Hvaða leiðir eru bestar í markaðssetningu?

Hvaða atriði vega þyngst við gerð fjárhags- og verkáætlana ?

Allir í hópnum sammála um mikilvægi þess að skilgreina vá á söfnum og gera verkáætlun um hvernig eigi að bregðast við vá, forgangsraða verkefnum t.d. hvað varðar húsakynni og ytri vá og skipta aðgerðaráætlun upp í viðráðanlega verkþætti sem fara inn í fjárhagsáætlun hvers árs.

- Mikilvægt að gera ráð fyrir vá og viðbrögðum við vá í verkáætlunum safna sem síðan ætti að skila sér inn í árlega fjárhagsáætlanir sem kostnaðarliðir
- Gera verkáætlun fyrir skaðaminnkun og áfangaskipta henni. Áfangakostnaður settur í fjárhagsáætlun hvers árs
- Öryggisáætlanir safna uppfærðar reglulega og leið rýndar og endurskoðaðar
- Huga að öndvegisgripum í safneign, forgangsraða og skilagreina og staðsetja þá og viðbrögð við þeim. (hluti af verkáætlun)
- Huga vel að innra starfi við gerð verkáætlana/fjárhagsáætlana s.s. húsakynna og viðhald þess sem skaðaminnkandi aðgerð.
- Öryggisáætlanir eiga að vera lifandi plögg.
- Skilagreina innri og ytri vá t.d. er starfsmannaskortur ákveðin vá, léleg húsakynni/geymslur eru vá. Efnahagsleg vá er t.d. frá yfirvöldum eða eigendum safna sem boða niðurskurð.
- Hluti af verkáætlun er að koma á virku góðu samstarfi við aðila sem sinna almannavörnum á svæðinu og neyðarhópum björgunarsveita. Gott tengslanet og stuttar boðleiðir.
- Blái skjöldurinn og fræðsluefni á hans vegum nýtt við gerð verkáætlana.

Gæti endurskoðun á lögum er gilda um málaflokkinn orðið til gagns?

Allir sammála um nauðsyn þess að endurskoða nógildandi lög. Nauðsynlegt að lögbinda hlutverk og ábyrgð opinberra aðila á varðveislu menningararfsins. Skilgreina betur einstaka þætti í safnstarfi og koma með kafla um vá. Endurskoða kafla um söfnun og varðveislu og grisjun.

- Já algjörlega, skilgreina vá í nýjum endurskoðuðum lögum og ábyrgð á menningararfinum.
- Í endurskoðuðum lögum yrði sérkafla um öryggi safngripa/menningarverðmæti og ábyrgð opinberra aðila á varðveislu þeirra.
- Nauðsynlegt að skilgreina menningararfinn betur í lögum en nú er. Það á að vera lögbundið hlutverk opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga að varðveita menningararfinn sbr. Bóka- og skjalasöfn eru lögbundin söfn en ekki menningarminjasöfn.
- Já og frumkvæði og þrýstingur á lagabreytingar á að koma frá safnmönnum sjálfum t.d. FISOS og ICOMOS og fleirum. Hægt að stofna rýnihópa um vissa kafla í lögunum.
- Lagabreytingar gætu hjálpað málaflokknum en það þarf umræða að eiga sér stað um áherslurnar í því t.d. um grisjun safnkosts og viðbrögð við vá.
- Á að setja inn í lög einhverjar „girðingar“ um söfn ? Lögvernda það heiti og skilgreina betur. Á hver sem er að gera stofnað safn og borið ábyrgð á safnkosti ?
- Vekja athygli á mikilvægi menningararfsins í lögum sem varða björgun verðmæta. Söfn eða ráðuneyti menningarmála eigi aðkomu/fulltrúa í öryggisráði og almannavörnum á hverju svæði.

Hvers konar þekking nýtist best í safnastörfum

Allir sammála að fjölþætt þekking og reynsla nýtist best í safnastörfum.

Mannauðurinn er hryggjarstykkið í starfi safna. Án hans er faglegt safnastarf orðið tóm.

- Fjölþætt menntun starfsmanna styrkleiki en líka sérhæfing t.d. forvarsla, markaðsmál ofl.
- Mikilvægt að hafa fagfólk í starfi t.d. forverði á öllum stærri söfnum og minni söfn geti sótt aðstoð til þeirra.
- Fjölþætt þekking á sviði safnastarfs mikilvæg
- Fjölþætt menntun t.d. ekki bara hugvísindamenntun heldur t.d. líka iðnmenntun góð því safnastörf eru svo margþætt.
- Reynsla mjög mikilvæg í starfsmannahópnum, miðla til yngri starfsmanna, ekki alltaf að finna upp hjólið
- Þekking á áætlanagerð og verkefnastjórn

- Sérhæfðir skráningaraðilar t.d. í Sarp eða önnur slík skráningarkerfi
- Skyndihjálp, ekki bara gesta heldur líka viðbrögð við vá.
- Stórar sameiginlegar varðveislumiðstöðvar t.d. fyrir ákveðin landsvæði sem samnýta fagþekkingu, reynslu og krafta starfsfólks. Betri nýting á mannauði safna og betri yfirsýn yfir safnkost á stærra svæði.
- Góð þekking á innviðum viðkomandi samfélags sem safnið er í.
- Fjármálareynsla og þekking.

Hvaða leiðir eru bestar í markaðssetningu/kynningu ?

Allir sammála um mikilvægi á markaðssetningu safna ekki bara til gesta heldur líka til eigenda og ábyrgðaraðila safna. Engin ein leið annarri betri heldur notast við ýmsar leiðir til markaðssetningar s.s. þáttagerð ofl.

- Hvernig markaðsetjum við þarfir safnanna ? Mikilvægt tæki til að vekja athygli á ýmsum málum sem varða söfn og umhverfi þeirra.
 - Sjónvarpsþátturinn Kveikur dæmi um góða markaðssetningu á málefnum, vekur til umhugsunar um vá og mál sem varða varðveislu. Þurfum fleiri svona umfjallanir í fréttaskýringarþáttum eða öðrum tegundum þáttagerðar.
 - Góð markaðssetning eða framsetning getur opnað augu eigenda og stuðlað að viðhorfsbreytingu hjá eigendum safna og ráðuneyti.
 - Góð markaðssetning/kynning sem höfðar til almennings getur skapað þrýsting á stjórnvöld um aðgerðir til að bregðast við tilteknum vandamálum t.d. hvað varðar aðbúnað safna.
 - Markaðssetning spilar oft á tilfinningar og vekur fólk til umhugsunar. Við þurfum slíka markaðssetningu til að tryggja stuðning almennings við söfnin og varðveislu safnkosts. Almenningsur er þrýstihópur sem geta aðstoðað söfn við að ná fram breytingum.
 - Markaðssetning gagnvart eigendum er stöðugt verkefni sbr. „viljum við vera í næsta Kveik“ ?
 - Markaðssetning gagnvart eigendum sem tryggi að eigendur safna geri sér grein fyrir vanni og setji fjármagn í húsnæði og forvarnir gegn vá.
 - „Hamra járníð með það er heitt“ Nýta nýafstaðna atburði og afleiðingar þeirra á Seyðisfirði sem víti til varnaðar. Hamfaramarkaðssetning ?
 - Þáttagerð getur verið dæmi um góða markaðssetningu t.d. „fyrir alla muni“ sem vekur athygli og áhuga á gömlum munum og varðveislu þeirra.
-

Hópstjóri Hrönn KonráðsdóttirÖryggismál

Öryggiskerfi

Gerð húsnæðis, geymslubúnaður

Staða í landslagi

Staða skráningar

Til að byrja með ákváðum við að reyna að forgangsraða eftirfarandi punktum. Það reyndist erfiðara en við héldum í fyrstu, því ekki voru allir sammála og við komumst að því líka að allir þessir punktar tengast á margan hátt. Til dæmis þá hlýtur gerð húsnæðis að ráðast af því efni sem verið er að geyma og til þess að þekkja það þá þarf það að vera skráð.

Að lokum varð röðin svona:

1. Gerð húsnæðis, geymslubúnaður
2. Öryggiskerfi
3. Staða í landslagi
4. Staða skráningar

Þó voru flestir sammála um að Staða skráningar ætti líklega að vera ofar og jafnvel efst.

Einn punkt þótti vanta í þessa samantekt og það er þjálfun starfsfólks í öryggismálum.

Þá var talað um mikilvægi Öryggishandbókar sem er aðgengileg og er farið í gegnum reglulega, og að þar séu verkferlar til staðar og aðgerðaráætlun. Öryggishandbókin gerir þó lítið ef ekki er farið reglulega í hana og nýtt starfsfólk kynnt fyrir henni. Þá má hún ekki vera of löng og flókin, helst einfölduð eins og mögulega er hægt.

Einnig var talað um að mikilvægt væri að yfirfara öryggiskerfi reglulega.

Miklar umræður spunnust um reynslu þáttakenda af ýmis konar vá og meðal annars af því að oft þegar eldur er eða eitthvað slíkt þá hleypa viðbragðsaðilar, slökkvilið og lögregla ekki neinum að og allar björgunaráætlanir þurfa að vera í samstarfi við þessa aðila. Þannig er mikilvægt að vera í góðu samstarfi við viðbragðsaðila á hverjum stað.

Auk þessa var minnst á að skrá ekki eitthvað drasl.

Sara Blöndal - Tæknin í þjónustu safna:

Málstofan TÆKNI Í ÞJÓNUSTU SAFNA fór fram á farskóla Físos haustið 2021 í Stykkishólmi.

Þar fjallaði ég um tæknina sem við völdum að nota í nýrri grunnsýningu á Byggðasafninu í Görðum á Akranesi.

Í megin dráttum talaði ég um þá ákvörðun að hafa hlutina einfalda, og hugsunin hvernig sú tækni sem við völdum inn myndi eldest, verður hún enn að gera sitt eftir 20 ár? Einnig að hún megi ekki taka yfir, ekki vera of fyrirferðamikil eða taka allan fókus gestanna.

Fór yfir það hversu mikilvægt var að hafa tæknistjóra í sýningunni og innan handar við útfærslur. Hveru gott og farsælt samstarf var við Ljósmyndasafn Akraness og Nönnu Þóru sem þar starfar því allar ljósmyndir sem eru í sýningunni eru þaðan.

Stiklaði á stóru varðandi hljóðleiðsögnina, hversu mikilvægt var að vinna hana og gera hana vel og fjárfesta í hljóðleiðsagnartækjunum og hversvegna við völdum að nota ekki alla möguleikana sem tækin bjóða uppá á þessum tímapunkti.

Fór yfir hvar við erum með tækni og hvað við nýttum okkur: Hljóðleiðsögn sem inniheldur 43 punkta og skiptist í almenn leiðsögn og persónufrásagnir. Í öllum þeim sýningarinnar er ljósmyndum varpað á vegg til að ná betur utan um mannlífið á svæðinu í gegnum árin, enda dýrmætur mennigarárfur fólgin í þeim. Gerður var bío salur sem eins og er sýnir heimildarmyndir um Akranes en hefur verið notaður sem sýningarrými á alþjóðlegri heimildamyndahátíð sem haldin er árlega á Akranesi. Einnig er að finna hljóðdæmi á ýmsum stöðum í sýningunni sem og upplestur passíusálma, umhverfishljóð og upplesnar fréttir í síma sem gestir geta notið að hlusta á. Fleiri tæknilausnir eru að finna í sýningunni og nýttum við okkur hreyfimyndir frá íþróttaviðburðum, upptökur frá því þegar Sementstrompurinn var felldur og létum framleiða stuttamynd um Hallgrím Pétursson og Guðríði Símonardóttur.

Skemmtileg umræða skapaðist í lokin á málstofunni og hefði verið hægt að halda áfram að tala og spjalla. Mjög gaman að fá að miðla því sem við völdum að gera í tækni á Byggðasafninu í Görðum.

Sigurjón B. Hafsteinsson - Starfsnám á söfnum:

Á Farskóla íslenskra safna- og safnmanna sem haldinn var í Stykkishólmi var efnt til málstofu um starfsnám á söfnum þann 14. október. Málstofuna sóttu um 15 manns og komu víðsvegar af landinu. Sigurjón Baldur Hafsteinsson, prófessor í safnafræði við Háskóla Íslands, kynnti helstu forsendur starfsnámsins og hvaða væntingar eru gerðar til nemenda sem taka námskeiðið. Einnig var farið yfir þær væntingar sem gerðar eru til safna sem taka við starfsnemum. Sigurjón Baldur fór yfir þann undirbúning sem starfsnemar að öllu jöfnu hafa fyrir starfsnám og lýsti hann jafnframt reynslu nemenda sem hafa tekið starfsnám bæði hér á landi og erlendis. Fjallað var um tengsl safna og forsvarsmanna námsins í safnafræði, en bent var á að í sumum tilfellum eru tengslin lítil sem engin fyrir eða á meðan á starfsnáminu stendur. Í sumum tilfellum eru tengslin hins vegar meiri og fer það eftir þeim verkefnum sem nemendur leysa af hendi á starfstímanum og aðstæðum sem eru á söfnum sem taka við starfsnemum. Undir lok málstofunnar var bryddað upp á umræðum í tengslum við starfsnám á söfnum og spurt hvort að hægt sé að gera betur með tilliti til þeirra hæfniviðmiða sem eiga við um starfsnám. Sköpuðust líflegar umræður um þetta meðal þátttakenda og sýndist sitt hverjum, bæði fyrrum nemendum sem tekið höfðu starfsnám í safnafræði og meðal starfsmanna safna sem leiðbeint höfðu nemendum á söfnum sínum. Að endingu var fjallað um endurskoðun á Handbók safna um starfsnám, sem er leiðbeinandi rit fyrir starfsmenn safna sem taka við nemendum í starfsnám. Sú endurskoðun skilar vonandi sterkari tengslum milli safna og safnafræði við Háskóla, sem og árangursríkari dvöl fyrir bæði nemendur og söfn á meðan á starfsnámi stendur.

Pallborðsumræður



Ljósmynd: Guðrún Jónsdóttir

Frá vinstri: Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður, Baldur Þórir Guðmundsson, sérfræðingur í Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Harpa Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands. Vilhjálmur Bjarnason tók einnig þátt í pallaborðsumræðum.

Einnig mættu fulltrúar úr bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar til áheyrnar.

Þátttakendur og inngangsspurningar – (3ja mín. svör):

Aldís Hafsteinsdóttir formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Sp: Ríkið setur sveitarfélögum ákveðnar skyldur varðandi safnastarf. Er þessum málaflokki fylgt eftir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga?

Baldur Þórir Guðmundsson sérfræðingur í mennta- og

menningarmálaráðuneytinu. Sp: Er í vinnslu samræmd/þverfagleg aðgerðaráætlun um viðbrögð við vá og björgun menningarverðmæta fyrir söfn, t.d. í samvinnu við almannavarnir og Bláa Skjöldinn?

Harpa Þórsdóttir safnstjóri Listasafns Íslands:

Sp: Hvert er helsta áhyggjuefni Listasafns Íslands, sem höfuðsafns, gagnvart safnastarfi í landinu?

Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður.

Sp: Hvert er helsta áhyggjuefni Þjóðminjasafns Íslands, sem höfuðsafns, gagnvart safnastarfi í landinu?

Vilhjálmur Bjarnason formaður Safnaráðs:

Sp: Væri hægt að einfalda úthlutanir úr safnasjóði með því að ekki sé eingöngu um samkeppnisstyrki að ræða, heldur einnig ákveðið árlegt framlag skilyrt þeirri grunnstarfsemi sem viðurkenning safns byggir á og

sem þegar er háð reglubundnu eftirliti? Má segja að þannig sé fé og tíma betur varið?

Spurningar og umræður úr sal

Styrkjaúthlutunaboð Safnaráðs á Amtsbókasafni



Safnaráð hélt styrkjaúthlutunarboð í Amtsbókasafni Stykkishólms. Styrkþegar úr safnasjóði 2021 fengu afhent viðurkenningarskjöl og boðið var upp á léttar veitingar. Hér sjást fulltrúar Hönnunarsafnsins með viðurkenningarskjal.

Ljósmynd: Ólöf Breiðfjörð

Sjá nánar: <https://safnarad.is/safnasjodur/uthlutanir-safnasjods/uthlutun-2021/>

Skoðunarferð um Stykkishólm



Ljósmynd: Ólöf Breiðfjörð

Farskólanemendum var skipt upp í sex hópa og heimsóttar voru **Smiðjur í Stykkishólmi**.

Farið var í vinnustofur Sigríðar Erlu Guðmundsdóttur, Láru Gunnarsdóttur og Gretu Maríu Árnadóttur.

Í **Æðarsetri Íslands** tók Erla Friðriksdóttir á móti gestum.

Í **Norska húsinu - Byggðasafni Snæfellinga- og Hnappdæla** sagði Hjördís Pálsdóttir safnstjóri og

farskólastjóri frá starfsemi safnsins og verkefnum framundan. Þórunn Sigþórsdóttir starfsmaður í skráningu

safnmuna hjá **Byggðasafninu** tók á móti hópunum í **geymslum safnsins**.

Anna Melsteð þjóðfræðingur var í **Gömlu kirkjunni** og sagði sögu hennar og fleira tengt sögu Stykkishólms.

Farið var í Tang og Riis húsið og vinnustofa Ingibjargar Ágústsdóttur heimsótt,

Að lokum enduðu allir hóparnir í **Vatnasafninu** þar sem móttaka var í boði Stykkishólmsbæjar. Þar ávarpaði Hrafnhildur Hallvarðsdóttir forseti bæjarstjórnar farskólanemendur og boðið var upp á söngatriði frá Tónlistarskóla Stykkishólms.

Skoðunarferð á Helgafell með Magnúsi A. Sigurðssyni minjaverði Vesturlands og heimsókn á Hákarlasafnið í Bjarnarhöfn

Farskólinn endaði á þessum tveimur ferðum. Gengið var á Helgafell og farið í hljóði upp fellið og óskir bornar fram á toppnum. Magnús sagði hópnum svo frá þessum fornfræga stað.



Ljósmynd: Hjördís Pálsdóttir

Í Bjarnarhöfn sagði Kristján Hildibrandsson safnmönnum frá Hákarlasafninu og fengu gestir að smakka hákarl.



Ljósmynd: Hjördís Pálsdóttir

Uppgjör

Farskóli FÍSOS

SUNDURLIÐANIR

1 Tekjur	
Styrkur úr safnasjóði	1.800.000
Farskólagjöld	2.649.700
Lán FÍSOS v/farskóla 2021	1.200.000
FÍSOS endurgr. v/NEMO árgj.2021	40.353
<i>Rekstrartekjur alls:</i>	<u>5.690.053</u>
2 Gjöld	
NEMO árgjald 2021	40.353
Endurgr.lán FÍSOS v/farskóla 2021	1.200.000
Fyrirlestrar/málstofur, farskóla 2021	400.000
Árshátið FÍSOS 2021 / Tónlist	300.000
Árshátið FÍSOS 2021 / Veislustjórni	300.000
Prentun, ritföng o.fl.	31.002
Tæknistjórnun o.fl.á farskóla 2021	139.598
Ýmiss kostnaður, blóm, nætur o.fl.	10.475
Salarleiga v/málstofu	15.012
Póstkostnaður	13.372
Veitingar, fundaraðstaða, búnaður o.fl.	3.801.937
<i>Rekstrarkostnaður alls:</i>	<u>6.251.749</u>

Pátttakendur Farskóla FÍSOS 2021

Aldís Arnardóttir	Hafnarborg
Alma Sigrún Sigurgeirsdóttir	Borgarsögusafn
AlmaDís Kristinsdóttir	Listasafn Einars Jónssonar
Andri Guðmundsson	Byggðasafnið í Skógum
Anita Elefsen	Síldarminjasafn Íslands
Anna Heiða Baldursdóttir	Landbúnaðarsafn Íslands
Anna Katrín Guðmundsdóttir	Náttúruminjasafn Íslands
Anna Leif Auðar Elífdóttir	Þjóðminjasafn Íslands
Anna Lís Guðmundsdóttir	Borgarsögusafn
Anna Melsted	Anok margmidlun ehf
Ágústa Kristófersdóttir	Þjóðminjasafn Íslands
Ágústa Rós Árnadóttir	Borgarsögusafn
Ármann Guðmundsson	Þjóðminjasafn Íslands
Beata Brodowska	Minjasafn Austurlands
Berglind Þorsteinsdóttir	Byggðasafn Skagfirðinga
Birna María Ásgeirsdóttir	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Björk Hólm Þorsteinsdóttir	Söfn Dalvíkurbyggðar og Menningarhúsið Berg
Björk Þorleifsdóttir	Grasagarður Reykjavíkur
Brenda Prehal	Byggðasafn Skagfirðinga
Brynhildur Briem	Lyfjafræðisafnið
Dagný Heiðdal	Listasafn Íslands
Dagrún Ósk Jónsdóttir	Sauðfjársetur á Ströndum
Drífa Kristín Þrastardóttir	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Edda Björk Jónsdóttir	Síldarminjasafn Íslands
Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir	Sjálfstætt starfandi / Tækniminjasafn Austurlands
Elín Guðjónsdóttir	Listasafn Íslands
Elín S. Sigurðardóttir	Heimilisiðnaðarsafnið
Elsa Guðný Björgvinsdóttir	Minjasafn Austurlands
Ester Sigfúsdóttir	Sauðfjársetur á Ströndum
Eva Kristín Dal	Þjóðminjasafn Íslands
Eyrún Hrefna Helgadóttir	Minjasafn Austurlands
Finney Rakel Árnadóttir	Byggðasafn Vestfjarða
Finnur Ingimarsson	Náttúrufræðistofa Kópavogs
Freyja Hlíðkvist Ómarsdóttir Sesseljudóttir	Þjóðminjasafn Íslands
Gerður Róbertsdóttir	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Gísli Helgason	Ljósmýndasafn Reykjavíkur í Borgarsögusafni
Guðlaug Dröfn Gunnarsdóttir	Safnahús Borgarfjarðar
Guðlaug María Lewis	Reykjanesbær
Guðmundur Davíð Hermannsson	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Guðný Dóra Gestsdóttir	Gljúfrasteinn - hús skáldsins
Guðrún Helga Stefánsdóttir	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Guðrún Jóna Halldórsdóttir	Listasafn Íslands
Guðrún Jónsdóttir	Sjálfstætt starfandi

Gunnar Óli Dagmarsson	Listasafn Íslands
Gunnar Rögnvaldsson	Forstöðumaður safna í Húnaþingi vestra
Halldóra Ásgeirsdóttir	Sjálfstætt starfandi
Hanna Rósa Sveinsdóttir	Minjasafnið á Akureyri
Haraldur Þór Egilsson	Minjasafnið á Akureyri
Helga Aradóttir	Náttúruminjasafn Íslands
Helga Arnbjörg Pálsdóttir	Listasafn Reykjanesbæjar
Helga Einarsdóttir	Skrifstofa Alþingis
Helga Lára Þorsteinsdóttir	RÚV
Helga Maureen Gylfadóttir	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Helga Þórsdóttir	Listasafn Reykjanesbæjar
Helga Vollertsen	Þjóðminjasafn Íslands
Helgi Máni Sigurðsson	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Hjördís Pálsdóttir	Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæka
Hjörtur Þorbjörnsson	Grasagarður Reykjavíkur
Hlín Gylfadóttir	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Hólmur Hólm	Hafnarborg
Hörður Geirsson	Minjasafnið á Akureyri
Hróðný Kristínar Kristjánsdóttir	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Hrönn Birgisdóttir	Byggðasafn Skagfirðinga
Hrönn Konráðsdóttir	Þjóðminjasafn Íslands
Hrönn Snæbjörnsdóttir	Borgarsögusafn
Ingibjörg Áskelsdóttir	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Ingiríður Óðinsdóttir	Hönnunarsafn Íslands
Íris Guðbjargardóttir	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Joe Walser	Þjóðminjasafn Íslands
Jóhanna Bergmann	Þjóðminjasafn Íslands
Jóhanna Viggósdóttir	Jóhanna Viggósdóttir
Jón Heiðar Allansson	Byggðasafnið Görðum, Akranesi
Jón Jónsson	Rannsóknasetur HÍ á Ströndum - Þjóðfræðistofa
Jóna Símónía Bjarnadóttir	Byggðasafn Vestfjarða
Jónína Brynjólfssdóttir	Tækniminjasafn Austurlands
Klara Þórhallsdóttir	Safnaráð
Kolbrún Ýr Einarsdóttir	Nýlistasafnið
Kristín Halla Baldvinsdóttir	Þjóðminjasafn Íslands
Kristín Hauksdóttir	Borgarsögusafn
Kristín Scheving	Listasafn Árnesinga
Lilja Árnadóttir	Komin á eftirlaun. Vinn tilfallandi verkefni
Lýður Pálsson	Byggðasafn Árnesinga
Margrét Hallgrímsdóttir	Þjóðminjasafn Íslands
María Eymundsdóttir	Byggðasafn Skagfirðinga
María Hjelm Daníelsdóttir	Listasafn Einars Jónssonar
María Karen Sigurðsdóttir	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Nathalie Jacqueminet	Sjálfstætt starfandi
Ólöf Bjarnadóttir	Hafnarborg

Ólöf Breiðfjörð	Garðabær
Ólöf Gerður Sigfúsdóttir	Háskóli Íslands
Pétur Sörensson	Safnastofnun Fjarðabyggðar
Ragna Dögg Marinósdóttir	Duus Safnahús
Ragnheiður Vignisdóttir	Listasafn Íslands
Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir	Byggðasafn Árnesinga
Ragnhildur Guðmundsdóttir	Náttúruminjasafn Íslands
Rakel Pétursdóttir	Listasafn Íslands
Sævar Líndal Hauksson	Borgarsögusafn
Sandra Sif Einarisdóttir	Þjóðminjasafn Íslands
Sigríður Kristín Birnudóttir	Borgarsögusafn / Ljósmyndasafn Reykjavíkur
Sigríður Sigurjónsdóttir	Hönnunarsafn Íslands
Sigríður Þóra Árnadóttir	Gljúfrasteinn
Sigríður Þorgeirsdóttir	Þjóðminjasafn Íslands
Sigrún Ásta Elefsen	Duus Safnahús, Reykjanesbæ
Sigrún Ásta Jónsdóttir	Gljúfrasteinn
Sigrún Kristjánsdóttir	Stofnun Árna Magnússonar
Sigurður Gunnarsson	Listasafn Íslands
Sigurhanna Friðþórsdóttir	Sagnheimar byggðasafn
Sigurjón Baldur Hafsteinsson	Háskóli Íslands
Sigurlaugur Ingólfsson	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Snæbjörn Guðmundsson	Náttúruminjasafn Íslands
Steinunn María Sveinsdóttir	Flugsafn Íslands
Svanhildur Óskarsdóttir	Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Sveinbjörg Sveinsdóttir	Rekstrarfélag Sarps
Sveinn Stefánsson	Minjasafnið á Akureyri
Swanhild Ylfa Katarína Roloff Leifsdóttir	Byggðasafn Skagfirðinga
Þóra Björg Andréddóttir	Náttúruminjasafn Íslands
Þóra Björk Ólafsdóttir	Safnasjóður - safnaráð
Þóra Sigurbjörnsdóttir	Hönnunarsafn Íslands
Þórgunnur Þórsdóttir	Minjasafnið á Akureyri
Þórir Ingvarsson	Þjóðminjasafn Íslands
Þórunn Sigþórsdóttir	Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla
Þorvaldur Böðvarsson	Þjóðminjasafn Íslands
Þorvaldur Gröndal	Sjálfstætt starfandi
Vala Gunnarsdóttir	Rekstrarfélag Sarps
Vala Magnúsdóttir	Borgarsögusafn
Vasare F Rastonis	Stofnun Árna Magnússonar
Vilhjálmur Bjarnason	Safnaráð
Zsóka Leposa	Listasafn Árnesinga



Ljósmynd: Hörður Geirsson

Takk fyrir farskólann 2021!